




LIV *Landssamband
íslenskra
verzlunarmanna*

Skýrsla stjórnar 2021 – 2023

Þing Landssambands ísl. verzlunarmanna frá stofnun

1. Stofnfundur 1. - 2. júní 1957 Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
2. 8. - 10. maí 1959 Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
3. 5. - 7. maí 1961 Reykjavík
4. 3. - 5. maí 1963 Sauðárkrúkur, samkomuhúsið Bifröst
5. 7. - 9. maí 1965 Selfoss, samkomusalur Selfossbíós
6. 17. - 19. febrúar 1967 Reykjavík, hús Slysavarnarfélags Íslands.
7. 4. - 6. september 1969 Akureyri, samkomusalur Sjálfsbjargar
8. 25. - 27. febrúar 1972 Reykjavík, Hótel Esja
9. 14. - 16. september 1973 Borgarnes
10. 3. - 5. október 1975 Höfn
11. 4. - 6. nóvember 1977 Reykjavík, Hótel Loftleiðir
12. 2. - 4. nóvember 1979 Stykkishólmur
13. 12. - 14. júní 1981 Reykjavík, Hótel Saga
14. 14. - 16. október 1983 Húsavík, Hótel Húsavík
15. 15. - 17. nóvember 1985 Reykjavík, Hótel Esja
16. 13. - 15. nóvember 1987 Akureyri, Alþýðuhúsið
17. 13. - 15. október 1989 Reykjavík, Hótel Saga
18. 24. - 26. maí 1991 Akureyri, Alþýðuhúsið
19. 7. - 9. maí 1993 Reykjavík, Hótel Saga
20. 26. - 28. maí 1995 Kirkjubæjarklaustur
21. 10. - 12. október 1997 Reykjavík, Grand Hótel
22. 7. - 9. maí 1999 Akureyri, Alþýðuhúsið
23. 26. - 27. október 2001 Reykjavík, Hótel Saga
3. - 4. maí 2002 Akureyri, Hótel KEA
24. 14. - 15. nóvember 2003 Reykjavík, Hótel Saga
25. 11. - 12. nóvember 2005 Akureyri, Hótel KEA
26. 2. - 3. nóvember 2007 Reykjavík, Nordica Hótel
19. - 20. september 2008 Akureyri, Hótel KEA
27. 26. 27. nóvember 2010 Reykjavík, Nordica Hótel
28. 8. - 9. nóvember 2013 Akureyri, Menningarhúsið Hof
29. 16. - 17. október 2015 Akureyri, Hótel KEA
30. 13. - 14. október 2017 Akureyri, Menningarhúsið Hof
31. 18. - 19. október 2019 Akureyri, Menningarhúsið Hof
32. 14. okt. 21 Fjarfundur
24. - 25. mars 2022 Hallormsstað, Hótel Hallormsstaður
33. 19. - 20. október 2023 Selfoss, Hótel Selfoss



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| ÞING LANDSSAMBANDS ÍSL. VERZLUNARMANNA FRÁ STOFNUN | 2 |
| FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS Í AÐILDARFÉLÖGUM LÍV 1. JANÚAR 2023..... | 4 |
| HLUTFALL LÍV AF VINNUMARKAÐI Í HEILD..... | 6 |
| HEILDARFJÖLDI FÉLAGA | 6 |
| ÞRÓUN FJÖLDA FÉLAGSFÓLKS, KYNJASKIPTING OG HLUTFALL AF VINNUMARKAÐI | 7 |
| HLUTFALL KVENNA OG KARLA INNAN LÍV | 7 |
| STJÓRN LÍV SÍÐASTA KJÖRTÍMABIL..... | 8 |
| STARFSMENNTASJÓÐIR..... | 10 |
| FULLTRÚAR Í STJÓRNUM STARFSMENNTASJÓÐA VR/LÍV..... | 10 |
| STARFSMENNTASTYRKIR SVS | 11 |
| KJARAMÁL | 14 |
| LAUNAVÍSITALA..... | 15 |
| MYNDIR FRÁ FRAMHALDSPINGI LÍV Á EGILSSTÖÐUM 2022 | 16 |
| AÐILDARFÉLÖG..... | 18 |
| ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS..... | 20 |
| ERLENT SAMSTARF..... | 22 |
| SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA..... | 27 |
| VR | 28 |
| FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI (FVSA) | 30 |
| VERSLUNARMANNAFÉLAG SKAGAFJARÐAR | 32 |
| AFL..... | 33 |
| FRAMSÝN STÉTTARFÉLAG | 33 |
| STÉTTARFÉLAGIÐ SAMSTAÐA | 35 |
| VERKALÝÐSFÉLAG SNÆFELLINGA | 36 |
| STÉTTARFÉLAG VESTURLANDS..... | 40 |
| VERKALÝÐSFÉLAG VESTFIRÐINGA..... | 40 |
| VERKALÝÐSFÉLAGIÐ ÞÓRSHAFNAR..... | 42 |
| ENGLISH SUMMARY | 44 |

Fjöldi félagsfólks í aðildarfélögum LÍV 1. Janúar 2023

| Félög með beina aðild Landsamband verslunarmanna | Greiðandi félagsfólk 2023 | | | | Samtals |
|---|---------------------------|--------|--------|-------|---------|
| | | Karlar | Konur | Annað | |
| VR | Félag | 18.062 | 20.693 | 81 | 38.836 |
| Stéttarfélag Vesturlands | Deild | 53 | 104 | 0 | 157 |
| Stéttarfélagið Samstaða | Deild | 19 | 39 | 0 | 58 |
| Framsýn, stéttarfélag | Deild | 77 | 146 | 0 | 223 |
| Verslunarmannafélag Skagfirðinga | Félag | 108 | 146 | 0 | 254 |
| Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri | Félag | 841 | 1.172 | 3 | 2.016 |
| Verkalýðsfélag Vestfirðinga | Deild | 115 | 162 | 0 | 277 |
| AFL-Starfsgreinafélag | Deild | 167 | 283 | 0 | 450 |
| Verkalýðsfélag Þórshafnar | Deild | 3 | 15 | 0 | 18 |
| Verkalýðsfélag Snæfellinga | Deild | 19 | 35 | 0 | 54 |
| | | 19.464 | 22.795 | 84 | 42.343 |

Así - UNG


| Karlar | Konur | Annað | Samtals |
|--------|-------|-------|---------|
| 8.600 | 8.851 | 66 | 17.517 |
| 34 | 48 | 0 | 82 |
| 8 | 17 | 0 | 25 |
| 47 | 67 | 0 | 114 |
| 69 | 84 | 0 | 153 |
| 384 | 547 | 3 | 934 |
| 61 | 72 | 0 | 133 |
| 94 | 107 | 0 | 201 |
| 2 | 4 | 0 | 6 |
| 17 | 17 | 0 | 34 |
| 9.316 | 9.814 | 69 | 19.199 |

Gjaldfrjálst félagsfólk 2023


| Karlar | Konur | Annað | Samtals | Alls |
|--------|-------|-------|---------|--------|
| 1.499 | 2.612 | 0 | 4.111 | 42.947 |
| 5 | 6 | 0 | 11 | 168 |
| 2 | 6 | 0 | 8 | 66 |
| 8 | 14 | 0 | 22 | 245 |
| 33 | 63 | 0 | 96 | 350 |
| 137 | 283 | 0 | 420 | 2.436 |
| 5 | 24 | 0 | 29 | 306 |
| 14 | 39 | 0 | 53 | 503 |
| 0 | 0 | 0 | 0 | 18 |
| 0 | 0 | 0 | 0 | 54 |
| 1.703 | 3.047 | 0 | 4.750 | 47.093 |

| Heildarfjöldi félaga | Tegund | Heildarfjöldi 1.jan 22 | Heildarfjöldi 1.jan 23 | Breyting |
|----------------------------------|--------|------------------------|------------------------|----------|
| VR | Félag | 40766 | 42947 | 2181 |
| FVSA | Félag | 2290 | 2436 | 146 |
| Verslunarmannafélag Skagafjarðar | Félag | 342 | 350 | 8 |
| Afl - Starfsgreinafélag | Deild | 488 | 503 | 15 |
| Framsýn, Stéttarfélag | Deild | 319 | 245 | -74 |
| Stéttarfélagið Samstaða | Deild | 72 | 66 | -6 |
| Stéttarfélag Vesturlands | Deild | 126 | 168 | 42 |
| Verkalýðsfélag Snæfellinga | Deild | 99 | 54 | -45 |
| Verkalýðsfélag Vestfirðinga | Deild | 293 | 306 | 13 |
| Verkalýðsfélag Þórshafnar | Deild | 20 | 18 | -2 |


Hlutfall LÍV af vinnumarkaði í heild



Þróun fjölda félagsfólks, kynjaskipting og hlutfall af vinnumarkaði



Hlutfall kvenna og karla innan LÍV



Stjórn LÍV síðasta kjörtímabil

Formaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Aðalmenn í framkvæmdastjórn til 2ja ára

Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland

Eiður Stefánsson, FVSA

Guðmundur Gils Einarsson, VR deild Suðurland

Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR

Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar

Bryndís Kjartansdóttir, VR

Varamenn

Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR

Hulda Björnsdóttir, FVSA

Bjarni Þór Sigurðsson, VR

Elva Héðinsdóttir, Framsýn stéttarfélag

Jón Steinar Brynjarsson, VR

Arnþór Sigurðsson, VR

Þórhildur Ragna Karlsdóttir, VR deild Vestmannaeyjar

Verkaskipting stjórnar

Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir var kjörin varaformaður til tveggja ára og Eiður Stefánsson ritari sambandsins. Á stjórnarfundi 22. september 2022 var Eiður Stefánsson kosinn varaformaður og Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir ritari.



Stjórn LÍV frá vinstri: Hjörtur Geirmundsson, Guðmundur Gils Einarsson, VR deild Suðurland, Bryndís Kjartansdóttir, Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Eiður Stefánsson, Kristín María Björnsdóttir

Skrifstofan

LÍV hefur aðstöðu á skrifstofu VR í Kringlunni 7, Reykjavík en VR hefur séð um rekstur sambandsins frá árinu 2002 samkvæmt þjónustusamningi, sem var endurnýjaður árið 2014. Samkvæmt honum eru tekjur til sambandsins hlutfall af grunnfjárhæð á innheimtum skatttekjum LÍV og aukast í hlutfalli við fjölgun félagsfólks. Starfsfólk LÍV á tímabilinu voru Ragnar Þór Ingólfsson, formaður í 37,5% starfi, Elva Hrönn Hjartardóttir í 50% starfi fram til ársloka 2021 og frá ársbyrjun 2022 Sigmundur Halldórsson í 50% starfi.

Fundir

Upphaf kjörtímabilsins einkenndist af áhrifum frá heimfaraldri kórónaveirunar, Covid 19 sem hafði þau áhrif að stjórn kom saman á fjarfundum. Sú reynsla, auk áherslu á að draga úr loftslagsfótspori LÍV, varð til þess að stjórn tók þá ákvörðun að nýta fjarfundaformið undir flesta stjórnarfundi, þó staðfundir myndu verða haldnir ef tilefni væri til. Sama gildir raunar í erlenda samstarfinu og þar varð Covid til þess að fjöldi funda var haldin í fjarfundi og þingum var frestað sem varð til þess að þau voru haldin mjög þétt. Auk þess hefur fjarfundarformið reynst vel fyrir samninganefnd LÍV. Ljóst er að á komandi árum mun LÍV nýta sér þetta form til þess að halda bæði fundi og námskeið eftir því sem við á. Á kjörtímabilinu hafa verið haldnir 23 stjórnarfundir og einn formannafundur.

Formannafundur 24. maí 2022

Boðað var formannafundar til þess að ræða kröfugerð fyrir kjarasamninga 2022 og var fundurinn blandaður fundur sem haldin var bæði á staðnum og í fjarfundi. Á fundinum var kynning á lýðræðisvæðingu fyrirtækja og farið yfir fjarvinnu sem var áberandi í heimsfaraldrinum og ljóst að hér þurfi hreyfingin að stíga inn til þess að tryggja bæði starfsaðstöðu og réttindi starfsfólks sem starfar í fjarvinnu. Auk þess sem farið var yfir efnahagshorfur og væntanlegt svigrúm við gerð kjarasamninga. Urðu umræður um reynslu af lífskjarasamningunum, húsnæðismálin, veikindarétt og stöðu fólks sem er undir 16 ára aldri. Á þessum fundi var samþykkt að leggja það til að samninganefnd LÍV væri skipuð formönnum þeirra félaga og deilda sem fela LÍV samningsumboð sitt og að formaður samninganefndar verður formaður Félags verzlunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA). Jafnframt var kröfugerð LÍV/VR samþykkt.

Alls sátu fundinn 9 fulltrúar frá 8 aðildarfélögum LÍV.

Fulltrúar í stjórnnum starfsmenntasjóða VR/LÍV

Stjórn SVS 2021:

Talverðar breytingar urðu á stjórn SVS 2021. Arndís Arnarsdóttir, SA, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR, Sara Dögg Svanhildardóttir, SA, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, SA, Selma Árnadóttir, VR og Davíð Þorláksson, SA fóru öll úr stjórn SVS á árinu 2021. Í þeirra stað komu; Hugrún Elvarsdóttir, SA, Ragna Vala Kjartansdóttir, SA, og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir VR. Engar breytingar voru á stjórnarsetu Sigurðar Sigfússonar, VR og Eiðs Stefánssonar LÍV sem tók jafnframt við formennsku stjórnar í júní 2021.

Til vara:

Björg Ársælsdóttir, SA, Gils Einarsson, LÍV Heiðrún Björk Gísladóttir, SA

Stjórn SVS 2022:

Eiður Stefánsson stjórnarformaður, LÍV, Björg Ársælsdóttir, SA, Hugrún Elvarsdóttir, SA, Ragna Vala Kjartansdóttir, SA, Sigurður Sigfússon, VR, og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR.

Til vara:

Gils Einarsson, LÍV Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR Heiðrún Björk Gísladóttir, SA, Maj-Britt Hjördís Briem, SA.

Starfsfólk:

Selma Kristjánsdóttir og Signý Aðalsteinsdóttir


Stjórn SV 2021 og 2022:

Árni Leósson, VR sem gegndi formennsku, Selma Kristjánsdóttir VR/LÍV, Anna Kristín Kristjánsdóttir, FA og Bjarndís Lárusdóttir, FA.




Starfsmenntastyrkir SVS

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 10 aðildarfélögum.




Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja í ársreikningi nam tæpum 26 milljónum lægra en árið 2021. Einstaklingar sem fengu greidda styrki 2022 voru 7.867 talsins og fækkaði um 227 einstaklinga frá árinu áður, en þá fengu 8.094 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum.

Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni og er ekki miðað við heildarfjölda umsókna á hverju ári. Á árinu fékk 681 félagi 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan sem var að hámarki 390.000 kr. Þar af voru 634 VR félagar. Árið 2021 voru 714 félagar sem nýttu sér uppsafnaðan rétt.



Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2022 lækkaði milli ára um rúmlega 1.000 kr. úr 71.781 kr. í 70.080 kr.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 923.353.014 árið 2022 en úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru að upphæð kr. 823.468.428. Útgreiðsla styrkja hefur vaxið undanfarin ár og 2018 fara styrkir yfir framlög iðgjalda og hafa haldist




þannig undanfarin fjögur ár. Árið 2022 verður breyting á hlutfallinu þegar greidd iðgjöld eru umfram greidda styrki á árinu. Hlutfall greiddra styrkja úr sjóðnum á móti greiddum iðgjöldum er 89% fyrir árið 2022. Eitt af meginmarkmiðum stjórnar sjóðsins undanfarin misseri hefur verið að 90% af iðgjöldum sjóðsins nýtist beint í styrki til hæfniaukningar fyrir félagsfólk sjóðsins og fyrirtæki sem að sjóðnum standa og segja má að það markmið hafi náðst fyrir árið 2022.


Greiddir styrkir til fyrirtækja og samtaka ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ hafa aldrei verið hærri en árið 2022 eða samanlagt tæplega 89 milljónir króna 2022 á móti rúmlega 62,5 milljónir króna 2021 og er hlutfall þeirra 11% af heildarstyrkjum sjóðsins, en var 8% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja og samtaka hækkaði um rúmlega 26 milljónir króna milli ára eða um 29%. Rekja má þessa hækkun til breytinga á reglum SVS sem gerð var á möguleika fyrirtækja á hámarksstyrk 2021. Að auki fóru starfsmenntasjóðirnir í sérstakt markaðsátak um vitundarvakningu fyrirtækja á vefgáttinni www.attin.is og möguleika fyrirtækja að sækja um styrki vegna fræðslu og hæfniaukningar starfsfólks í sjóðina á skilvirkan og einfaldan máta. Þrátt fyrir fækkun á einstaklingsstyrkjum þá hefur sú fækkun skilað sér í fjölgun fyrirtækjastyrkja sem hefur aldrei verið jafn há og 2022. Fyrirtæki sækja um styrk í sjóðinn gegnum www.attin.is þar sem afgreiðsla styrkja til fyrirtækja er sinnt samkvæmt þjónustusamningi SVS við VR.

Yfirlit yfir breytingar og þróun á reglum sjóðsins

Einstaklingar



Fyrirtæki



Kynningarmál

Áframhaldandi vinna við kynningarmál á árunum 2021 og 2022 hefur sérstaklega verið í formi þess að uppfæra efni sjóðsins og framsetningu þess á nýrri vefsíðu á www.starfsmennt.is sem leit dagsins ljós í nóvember 2022. Ný uppfærsla gaf færi á auknu aðgengi félagsfólks á ensku og pólsku sem hefur verið aukið með framsetningu á reglum sjóðsins, leiðunum þremur og hvað er styrkhæft á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku. Sameiginlegt markaðsáttak starfsmenntasjóðanna sem standa að www.attin.is heldur áfram og frekari upplýsingagjöf til fyrirtækja vegna fyrirtækjastyrkja.

Fræðslustjóri að láni

Á árinu 2021 bættust sjö fyrirtæki í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni og 8 fyrirtæki bættust við í hópinn árið 2022.

Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins / Félags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána

mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Afurð verkefnisins er fræðsluáætlun sem fyrirtækið fylgir eftir.

Þróun náms í verslun og þjónustu - Þrepaskipt nám í höfn

Sjóðurinn hefur með samstarfi um Fagnám verslunar og þjónustu, Stafrænu viðskiptalínunnar og Diplómanámsins í viðskiptafræði og verslunarstjórnun stuðlað að þrepaskiptu námi í verslun og þjónustu og stutt þar með við áframhaldandi nám fyrir þau sem þar starfa.

Fagnám verslunar og þjónustu

Á árinu 2020 hóf fyrsti hópur göngu sína í Fagnámi og raunfærnimati í verslun og þjónustu í samstarfi við Mími og Verzlunarskóla Íslands, VR/SVS og Samtaka verslunar og þjónustu (SVP). Námið er 90 eininga nám

á framhaldsskólastigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram úti í fyrirtækjunum. Vinnustaður gerist aðili að verkefninu með því að skilgreina sérhæft 15 eininga vinnustaðanám sem er lagað að viðkomandi vinnustað. Níu vinnustaðir eru samstarfsaðilar að Fagnáminu árið 2022. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykkja til þátttöku í námið. Frá upphafi hafa 87 nemendur innritast í námið, 60 af þeim voru virkir í náminu í lok árs 2022 og 17 hafa útskrifast með fagbréf. Sumir nemendanna halda áfram og ljúka stúdentsprófi samhliða fagnáminu og hafa 5 lokið stúdentsprófi. Fulltrúi sjóðsins situr í stýrihópi Fagnáms verslunar og þjónustu sem fundar reglulega.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og eru einingar tryggðar í áframhaldandi nám í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. 64 nemendur hafa verið skráðir í námið frá upphafi. 15 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 27 nemendur virkir í náminu í upphafi árs 2023. Háskólinn á Bifröst býður frá hausti 2022 upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun.

Viðskiptabraut - Stafræn viðskiptalína til stúdentsprófs

Sjóðurinn kom einnig að mótun nýrrar námslínu á Viðskiptabraut – Stafræn viðskiptalína til stúdentsprófs hjá Verslunarskólanum þar sem nemendum gefst kostur á starfsnámi á lokaári sínu í samstarfi við fyrirtæki. Fyrsti árgangur brautarinnar hóf göngu sína haustið 2019 hjá skólanum og útskrifuðust fyrstu 25 nemendurnir af brautinni vorið 2022. Einn bekkur er í gangi á hverju aldursári eða þrír í senn. Sérstök áhersla er lögð á bókfærslu, hagfræði, fjármál, lögfræði og frumkvöðlafræði. Sérkenni brautarinnar er m.a. stafræn miðlun, gagnagreining og vinnustaðanám. Mikil ánægja er með Stafrænu viðskiptalínuna sem talin er góð viðbót við viðskiptabrautir innan Verzlunarskóla Íslands

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Starfsmenntasjóðurinn tekur jafnframt þátt í samstarfsverkefnum á vegum Hæfniseturs ferðapjónustunnar ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu.

Önnur þróunar- og nýsköpunarverkefni

Árið 2021 voru eftirfarandi verkefni styrkt og skilgreind sem þróunarstyrkir:

- Gervigreind fyrir alla (þróun hugbúnaðar sem gerir nám aðgengilegra auk þróun námsefnis sem veitir starfsfólki grunnþekkingu í notkun gervigreindar í leik og starfi).
- Þýðing á handbók trúnaðarmannsins á pólsku og uppfærsla á smáforritinu OK (Orðakistan).
- Samtök atvinnulífsins: Menntadagur atvinnulífsins

Árið 2022 voru eftirfarandi verkefni styrkt og skilgreind sem þróunarstyrkir:

- Hæfnisetur ferðapjónustunnar og SAF: Þýðing á áður styrktu kennslumyndbandi varðandi fagmennsku í þjónustu.
- Hæfnisetur ferðapjónustunnar: Fræðsluefni um áfangastaðinn Ísland fyrirframlínustarfsfólk. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: Þátttaka og ut anumhald í alþjóðlegri ráðstefnu um raunfærnimat. Sahara: Stofnkostnaður og þróun Sahara Academy.
- Effect og Akademias: Hæfnigreiningartól.
- Skákgreind: Gervigreind fyrir alla – áframhaldandi þróun/ framhaldsstyrkur.

- Stafræni hæfniklasinn: Skilgreind verkefni innan klasans.

- Samtök atvinnulífsins: Menntadagur atvinnulífsins

[Ársskýrsla SVS 2021 og 2022 er aðgengileg á vefsíðu sjóðsins; sjá hér](#)

Það er ekki ofsagt að undanfarin tvö ár hafi íslenskt launafólk búið við þá ógæfu að lifa á áhugaverðum tímum. Því hver hefði trúað því að eitt af stærstu herveldum heims myndi ráðast á nágranaþjóð sína í Evrópu og hrinda með því af stað atburðarás sem enn sér ekki fyrir endann á. Verða þannig, ásamt heimsfaraldri, til þess að hleypa af stað verðbólguþraugnum sem mörg héldu að okkur hefði tekist að brjóta á bak aftur. Á þessum árum hefur Seðlabanki Íslands hækkað vexti oft og meira en sést hefur í löndunum í kringum okkur og nú er svo komið að almennt launafólk stendur frammi fyrir því að þurfa að brenna upp eignir sínar á verðbólguþrálinu þegar það flýr í baneitraðan kokteil íslensku verðtryggingarinnar.

Verkefni okkar hefur á kjörtímabilinu snúist um að verja þann kaupmátt sem við náðum í lífsskjarsamningnum 2019 og ganga eftir loforðum stjórnvalda. Þegar núverandi stjórn LÍV tók við þá voru meginvextir Seðlabanka Íslands 1,5% en voru, þegar þetta er ritað 9,25%. Verðbólga náði sömuleiðis að fara yfir 10 prósent á tímabilinu, en stóð í 4,5% í október 2021. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð hvaða áhrif þetta hefur á okkar félagsfólk og við sem fulltrúar okkar félagsfólks getum ekki staðið hjá og horft aðgerðarlaus á. Við gengum til samninga við Samtök atvinnulífsins þar sem þau rök voru færð að okkur bæri að leggja okkar af mörkum til þess að ná tökum á verðbólgunni. Þá ábyrgð tökum við sannarlega alvarlega, en við höfum því að launafólk beri ábyrgð á því hvernig komið er. Að okkar mati er orsök fyrst og síðast hagnaðardrífni verðbólga og við ætlum okkur að sækja hlut vinnandi fólks í þeim hagnaði. Engin skal efast um vilja okkar og þor í þeim efnum.

Samningnum sem við gerðum undir lok síðasta árs var ætlað að verða brú fram að endurnýjuðum langtíma samning. Okkur gæfist tími til þess að eiga langt og ítarlegt samtal við atvinnurekendur um áskoranir og breytingar sem við vitum að munu fylgja þeim umbreytingum sem vinnumarkaðurinn er nú þegar farinn að endurspeglar í notkun á nýrri tækni gervigreindar og síaukinni sjálfvirknivæðingu. Okkur er ljóst að þessar breytingar munu hafa áhrif og því höfum við gert samkomulag við Samtök verslunar og þjónustu um að auka á færni og bæta

ímynd starfa í verslun. Þar fara hagsmunir okkar sannarlega saman. Áhersla okkar á aukið atvinnulýðræði og aukna aðkomu launafólks að stjórnun þeirra fyrirtækja sem þau starfa hjá er líka hluti af kröfum okkar um réttlát umskipti.


Við höfum því miður séð aðra óværu berast hingað til lands að utan. Óværu sem kom fram í frumvarpi á Alþingi þar sem lagðar voru til breytingar á íslenskum vinnumarkaði sem hefðu fært okkur áratugi aftur í tímann. Þegar við horfum á þann árangur sem samstaða okkar hefur skilað íslensku launafólki og hve lífskjör á Íslandi eru að mörgu leyti góð. Þá er óskiljanlegt að nokkrum detti til hugar að leggja til þær breytingar sem við, og raunar öll samtök launafólks, mótmæltum harðlega. Um þetta er svo mikil samstaða að líklega hefur fáum tekist að þjappa samtökum launafólks á Íslandi jafn vel saman um eitt mál. Við munum beita öllum ráðum til þess að koma í veg fyrir að þessar furðu hugmyndir verði að veruleika. Ef einhver telur að þetta muni gerast án átaka við launafólk í landinu, þá er það mikil misskilningur.

Það ástand sem hér ríkir endurspeglar þó líka þá staðreynd að íslenskt efnahagslíf hefur vaxið og dafnað. Atvinnustig er þannig að hingað hefur sogast erlent vinnuafli og stór hópur félaga okkar starfar í ferðaþjónustu sem er leiðandi afl í efnahag okkar. En þessi mikli kraftur skapar líka það vandamál að allt þetta vinnandi fólk þarf þak yfir höfuðið. Við spyrjum um efndir þeirra loforða sem við höfum fengið. Það getur ekki verið náttúrulegt að ekki sé unnt að tryggja hér húsnæðisöryggi.

Framundan eru því margar áskoranir. Að standa vörð um þann árangur sem núverandi vinnumarkaðskerfi hefur skilað okkur og almenningi í landinu. Að ná tökum á verðbólgu, verja lífskjör, ná fram réttlátum umskiptum og auka áhrif okkar á vinnustöðum sem við störfum hjá. En við munum standa upp og láta finna fyrir okkur.

Því þegar við tökum slaginn. Þá sigrum við.

Launavísitala LÍV



Frá framhaldþingi LÍV á Hallormsstað 2022

Myndir frá framhaldsþingi LÍV á Hallormsstað 2022





Lagabreytingar aðildarfélaga

Samþykktar voru lagabreytingar hjá eftirfarandi aðildarfélögum:

FVSA árið 2022

VR árið 2023

Formenn aðildarfélaga og verslunardeilda í október 2023

VR

Formaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Varaformaður

Selma Björk Grétarsdóttir

FVSA

Formaður

Eiður Stefánsson

Varaformaður

Hulda Björnsdóttir

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Formaður

Hjörtur Geirmundsson

Varaformaður

Sigríður G. Sigurðardóttir

Afl Starfsgreinafélag

Formaður

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Varaformaður

Sigurður Hólm Freysson

Formaður verslunardeildar

Gunnhildur Imsland

Varaformaður verslunardeildar

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir

Framsýn stéttarfélag

Formaður

Aðalsteinn Árni Baldursson

Varaformaður

Ósk Helgadóttir

Formaður verslunardeildar

Elva Héðinsdóttir

Varaformaður verslunardeildar

Trausti Aðalsteinsson

Stéttarfélagið Samstaða

Formaður

Guðmundur Finnbogason

Varaformaður

Aðalbjörg Valdemarsdóttir

Formaður verslunardeildar

Vigdís Edda Guðbrandsdóttir

Varaformaður verslunardeildar

Elín Ósk Gísladóttir og Herdís Harðardóttir

Stéttarfélag Vesturlands

Formaður

Silja Eyrún Steingrímsdóttir

Varaformaður

Sigrún Reynisdóttir

Formaður verslunardeildar

María Hrund Guðmundsdóttir

Varaformaður verslunardeildar

Anna Halldórsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Formaður

Varaformaður

Formaður verslunardeildar

Vignir Smári Maríasson

Dallilja Inga Steinarsdóttir

Ólöf Ingibjörg Hallbergsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Formaður

Varaformaður

Formaður verslunardeildar

Finnbogi Sveinbjörnsson

Bergvin Eyþórsson

Margrét J. Birkisdóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Formaður

Formaður verslunardeildar

Aneta Potrykus

Elfa Benediktsdóttir

Landssamband íslenskra verzlunarmanna hefur verið aðili að ASÍ frá árinu 1962 og er stærsta sambandið innan ASÍ, en um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ.

44. þing ASÍ var sett 10. október 2022 en á fyrsta degi þingsins fram kom tillaga um að fresta þinginu og var því framhaldið vorið 2023 dagana 27.-28. apríl 2023 undir yfirskriftinni „Við vinnum“. Aðildarfélög LÍV áttu rétt á 90 fulltrúum á þinginu þar sem samþykkt var stefnumörkun ASÍ, en þingið er æðsta vald ASÍ. Var stefnumörkun ASÍ í lífeyrismálum, efnahag, kjör og sköttum, framtíð vinnumarkaðarins, jafnréttismálum, húsnæðismálum, menntamálum, málefnum launafólks af erlendum uppruna, kjaramál og vinnumarkað samþykkt á þinginu.

Á þinginu var kjörinn ný forysta ASÍ og var Finnbjörn A. Hermannsson sjálfkjörinn í embætti forseta ASÍ og fulltrúi LÍV, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV/VR kjörinn fyrsti varaforseti ASÍ.

ASÍ-UNG

ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar sem sér til þess að hagsmunamál ungra Íslendinga á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins. Svo vitnað sé í samþykktir ASÍ-UNG:

Markmið ASÍ-UNG er:

Að allt ungt launafólk á vinnumarkaði sé í stéttarfélögum og njóti réttinda og þjónustu sem því fylgir.

Að ungt launafólk taki virkan þátt í starfi aðildarféлага ASÍ.

Að efla starf aðildarféлага ASÍ í málefnum ungs launafólks.

Að vera vettvangur stefnumótunar í málefnum ungs launafólks.

8. þing ASÍ UNG

8. Þing ASÍ-UNG var haldið á Hotel Natura, föstudaginn 16. september, 2022. ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar sem sér til þess að hagsmunamál ungra Íslendinga á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins. Yfirskrift þingsins var „Fyrirmyndir komandi kynslóða – Er verkalýðshreyfingin aðlaðandi starfsvettvangur?“ Sérstök áhersla var á heilbrigð og uppbyggileg samskipti auk þess sem sérstaklega var fjallað um nýliðun innan hreyfingarinnar. Fulltrúar LÍV í stjórn ASÍ UNG voru Þorvarður Bergmann Kjartansson VR, sem jafnframt var kosinn varaformaður og Margrét Gíslinudóttir VR.

9. þing ASÍ UNG

ASÍ-UNG hélt árlegt þing, þann 22. september síðastliðinn, í húsi fagfélaganna. Yfirskrift þingsins var „Stefna ASÍ-UNG“ en í aðdraganda þess hafði stjórn lagt til stefnuskipt. Stefnuskiptið var unnið upp úr fjölmörgum tillögum og líflegum umræðum sem mynduðust á vel heppnuðum fræðslu- og tengsladögum í mars þessa árs. Stefnuskiptið var lagt til umræðu á þinginu og síðar til afgreiðslu. Fulltrúar LÍV í stjórn ASÍ UNG voru Birgitta Ragnarsdóttir VR, Þorvarður Bergmann Kjartansson VR og Jennifer Schröder VR.

Hér má finna stefnu ASÍ-UNG sem samþykkt var á 9. þingi ASÍ-UNG – tengilinn er <https://www.asi.is/media/318321/samthykkir-asi-ung-2023.pdf>

Aðal- og varamenn LÍV í miðstjórn og nefndum ASÍ

Miðstjórn:

Aðalmenn frá LÍV: Ragnar Þór Ingólfsson VR, Eiður Stefánsson FVSA, Halla Gunnarsdóttir VR og Selma Björk Grétarsdóttir VR

Varamenn frá LÍV: Hulda Björnsdóttir FVSA, Jónas Yngvi Ásgrímsson VR, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir VR, Kolbrún Júlía Erlendsdóttir VR, Þorvarður Bergmann Kjartansson VR og Þórir Hilmarsson VR

Alþjóðanefnd:

Eiður Stefánsson FVSA, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir VR, Sigmundur Halldórsson VR og Þórir Hilmarsson VR

Efnahags- og skattanefnd:

Halla Gunnarsdóttir VR, Stefán Jónsson FVSA, Þórir Hilmarsson VR, Þorvarður Bergmann Kjartansson VR og Þórir Hilmarsson VR

Húsnæðisnefnd:

Ragnar Þór Ingólfsson VR, Jónas Yngvi Ásgrímsson VR, Þorvarður Bergmann Kjartansson VR og Ævar Þór Magnússon VR

Vinnumarkaðsnefnd:

Kristín María Björnsdóttir VR, Vala Ólöf Kristinsdóttir VR og Sigrún Guðmundsdóttir VR

Jafnréttisnefnd:

María Rut Dýrfjörð FVSA, Sigríður Lovísa Jónsdóttir VR, Tómas Gabríel Benjamín VR og Jennifer Schröder VR

Lífeyrisnefnd:

Ragnar Þór Ingólfsson VR, Stefán Sveinbjörnsson VR, Ólafur Reimar Gunnarsson VR og Halla Gunnarsdóttir VR

Menntanefnd:

Selma Björk Grétarsdóttir VR, Gunnhildur Imsland AFL Starfsgreinafélag og Ólafur Reimar Gunnarsson VR

Atvinnumála- og umhverfisnefnd:

Bryndís Kjartansdóttir VR, Þorvarður Bergmann Kjartansson VR og Sigmundur Halldórsson VR

Heilbrigðisnefnd:

Gunnhildur Imsland AFL Starfsgreinafélag, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir VR og Þórir Hilmarsson VR

Verðlagsnefnd:

Sigmundur Halldórsson VR, Þorvarður Bergmann Kjartansson VR Vala Ólöf Kristinsdóttir VR

Nefnd um brotastarfsemi á vinnumarkaði:

Kolbrún Júlía Erlendsdóttir VR, Sigrún Guðmundsdóttir VR, Jennifer Scröder VR og Tómas Gabriel Benjamin VR

Skipulags- og starfsháttanefnd:

Eiður Stefánsson FVSA og Þorvarður Bergmann Kjartansson VR

Laganefnd:

Eiður Stefánsson FVSA
Starfs- og fjárhagsnefnd:
Ragnar Þór Ingólfsson VR

Launanefnd:

Eiður Stefánsson FVSA
Fulltrúar LÍV í öðrum nefndum, stjórnnum og ráðum skipaðir af ASÍ

Samstarfsverkefni með stjórnvöldum og hagsmunasamtökum

Bjarg íbúðafélag:
Ragnar Þór Ingólfsson VR, varaformaður
Fulltrúaráð starfsendurhæfingarsjóðs
Guðmundur Gils Einarsson VR, Ragnar Þór Ingólfsson VR, Harpa Sævarsdóttir VR, Eiður Stefánsson FVSA og Svanhildur Ó Þórsteinsdóttir VR
Skjól - fulltrúaráð
Sigurður Sigfússon VR
Öldrunarráð

Sigurður Sigfússon VR

Mímir – símenntun

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir VR og Selma Kristjánsdóttir VR
Félagsmálaskóli alþýðu - stjórn

Sandra Ósk Jóhannsdóttir VR og Selma Kristjánsdóttir VR

Stjórnarráðið**Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið****Atvinnuleysistryggingasjóður:**

Helga Ingólfisdóttir VR og Eiður Stefánsson FVSA

Vinnumarkaðsráð Suðurlands:

Gils Einarsson VR

Vinnumarkaðsráð Suðurnesja:

Bryndís Kjartansdóttir VR

Vinnumálastofnun:

Helga Ingólfisdóttir VR

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið**Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins:**

Helga Ingólfisdóttir VR

Mennta- og barnamálaráðuneytið**Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:**

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir VR, Guðmundur Gils Einarsson VR og Kristín M. Björnsdóttir

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf LÍV

Erlent samstarf er eitt af lykilverkefnum LÍV, enda er verzlun og þjónusta í auknum mæli að verða alþjóðleg og því mikilvægt að samtök launafólks á Íslandi séu vel vakandi fyrir straumum og stefnum erlendis. Ísland, sem hluti af hinum sameiginlega innri markaði ESB, þarf að starfa innan þess ramma sem gildir á þeim markaði og hingað berast erlendir straumar sem hafa veruleg áhrif á íslenskum vinnumarkaði. Með aukinni alþjóðavæðingu verzlunar og viðskipta er vaxandi þörf á því að LÍV gæti hagsmuna íslensks verzlunarfólks gagnvart þessum aðilum og komi á framfæri okkar sjónarmiðum í því alþjóðlega samstarfi sem LÍV kys að taka þátt í, en það er meðal annars í Nordisk Handelskomitee, UNI Global Union og deildum innan UNI Global Union sem fjalla um bæði ITCS og Commerce og öðrum þeim alþjóðlegu stofnunum sem stjórn LÍV telur ástæðu til. Stjórn LÍV markar stefnu sambandsins þegar kemur að alþjóðasamskiptum og aðild LÍV að alþjóðasamtökum. Rétt er að geta þess að ASÍ er fulltrúi samtaka launafólks í Norræna verkalýðssambandinu (NFS), Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC) og alþjóðasambandi verkalýðsfélaga (ITUC). ASÍ kemur fram fyrir hönd launafólks á vettvangi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og Ráðgjafarnefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). LÍV vinnur síðan beint í samstarf við systur sambönd verzlunarfólks á Norðurlöndunum og alþjóðlegum samtökum stéttarfélaganna í verzlun og styður þannig alþjóðlega baráttu verzlunarfólks fyrir bættum lífskjörum og stendur vörð um hagsmuni okkar félagsfólk gagnvart alþjóðlegum og fjölþjóðlegum stofnunum og atvinnurekendum.

Í því ljósi ákvað stjórn LÍV að móta hlutverk alþjóðafulltrúa LÍV sem sinnir alþjóðlegu samstarfi við erlend stéttarfélög verzlunarfólks, alþjóðasamtök verzlunarfólks sem LÍV á aðild að og alþjóðlegar/yfirþjóðlegar stofnanir í umboði stjórnar LÍV og í samræmi við stefnumörkun stjórnar LÍV.

Hlutverk alþjóðafulltrúa LÍV er að fylgjast með starfi sem fram fer hjá þessum alþjóðlegu samtökum og taka þátt í því, eftir því ástæða er til, til þess að gæta hagsmuna okkar og tryggja upplýsingaöflun til stjórnar LÍV og aðildarfélaga í þeim málum sem okkur varða og eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Jafnframt geti stjórn LÍV skipað alþjóðafulltrúa LÍV í ráð og nefndir hjá NHK og UNI Global Union fyrir sína hönd, en auk þess veitir alþjóðafulltrúi stjórn LÍV og einstökum félögum innan LÍV ráðgjöf eftir því sem við á. Í þessu felst að alþjóðafulltrúi LÍV situr fundi, ráðstefnur og aðra viðburði sem ástæða þykir til og veitir

í kjölfarið upplýsingar um helstu niðurstöður til stjórnar og aðildarfélaga LÍV. Starfskraftur LÍV gegnir hlutverki alþjóðafulltrúa.

Norræna samstarfið

Norrænt samstarf verzlunarfólks á sér merkilega sögu og nær allt aftur til ársins 1918 þegar samtök verzlunarfólks í Danmörku, Noregi og Svíþjóð tók höndum saman og stofnaði samstarfsvettvang sem náði til 50 þúsund félaga í Skandinavíu. Það var ekki fyrr en 1960 sem LÍV hóf þátttöku, en samtalið um aðild verzlunarfólks á Íslandi hafði hafist 1938. En bæði tafði seinni heimstyrjöldin og eins þótti kostnaður sem fullrar aðildar Íslands að samstarfinu vera óhóflegur. Norræna samstarfið er í dag án efa mikilvægasti hluti erlends samstarfs LÍV, en á því hefur orðið nokkur breyting frá árinu 2021 þegar sameining NS (Nordisk Samarbejtskomité) og NH (Nordisk Handel) varð að veruleika undir lok ársins undir merkjum NHK (Nordiska Handelskommittén).

NHK

NHK er samstarfsvettvangur landssambanda á Norðurlöndunum sem eru LÍV, HK Danmark, HK Norge, PAM í Finnlandi og Handels og Unionen í Svíþjóð. Öll samböndin, utan Unionen, eru innan LO/ASÍ en meginmarkmið NHK er að tengja löndin saman í kjarabaráttu og kynna hvort fyrir öðru félagslega, pólitíska og efnahagslega stöðu í hverju landi. Jafnframt er farið yfir það sem efst er á baugi í hverju sambandi og samstarfinu innan UNI. Samstarfið er bundið við verzlunargeirann og er markmið NHK að vinna að sameiginlegum málefnum sem snúa að verzlun, undirbúningi félagslegrar umræðu í Evrópu varðandi verzlun og fylgja eftir áherslum Norðurlandanna innan UNI Commerce Europa og gagnvart ESB. Í tengslum við ársfund NHK hefur verið haldinn fyrir fundur með atvinnurekendum og er fulltrúa frá SA boðið. NHK hefur jafnframt staðið fyrir fundum fyrir starfsfólk og forystu sambandanna um ákveðin málefni tengdum verzlun.

Að jafnaði eru haldnir tveir staðfundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur. Auk þess sem haldnir eru staðfundir fyrir starfsfólk og forystu sambandanna um ákveðin málefni. Með stofnun NHK var tekin sú stefnumarkandi ákvörðun að reyna að draga úr loftslagsáhrifum með því að fjölga fjárfundum eins og kostur er og var það gert í ljósi góðrar reynslu af slíkum fundum vegna ferðatakmarkana á tímum heimsfaraldurs, en jafnframt gæfi það tækifæri til þess að fjölga fundum.

Skattur til Norræna samstarfsins 2021: 711.544 krónur

Skattur til NHK 2022: 0 krónur

Skattur til NHK 2023: 979.663 krónur

Meðalgjald á félagi í LÍV 2023: 23 krónur

Stjórn NHK 2022-2023

Stjórn 1. janúar 2022 til 27. júní 2022 (fram að ársfundi)

Formaður: Linda Palmetzhofer, Handels, Svíþjóð

Varaformaður: Annika Rönni-Sällinen, PAM, Finnlandi

Gjaldkeri: Anja C. Jensen, formaður HK Danmörku

Endurskoðendur og ritarar 2022-01-01 til 2022-06-27 (fram að ársfundi)

Endurskoðendur: Elisabeth Sundset, HK Noregi og Peter Hellberg, Unionen, Svíþjóð

Ritarar: Til 2022-04-18 Josefin Lundmark. Frá 2022-04-19 Anette Andersson

Stjórn NHK 2022-06-28 til 2023-06-12

Formaður: Linda Palmetzhofer, formaður Handels, Svíþjóð

Varaformaður: Annika Rönni-Sällinen, PAM, Finnlandi

Gjaldkeri: Mette Høgh, formaður HK Handel í Danmörku

Endurskoðendur 2022-2023

Elisabeth Sundset, HK Noregi og Peter Hellberg, Unionen, Svíþjóð

Ritari: Anette Andersson

Starfsnefnd, stjórn og endurskoðendur NHK 2023-2024

Starfsnefnd

Linda Palmetzhofer, Handels

Jaana Ylitalo, PAM

Mette Høgh, HK Handel/HK í Danmark

Christopher Beckham, HK Norge

Peter Hellberg, Unionen

Eiður Stefánsson, LIV

Stjórn og endurskoðendur

Formaður: Linda Palmetzhofer, Handels

Varaformaður: Annika Rönni-Sällinen, PAM

Gjaldkeri: Mette Høgh, HK Trade/HK í Danmörku

Endurskoðendur:

Elisabeth Sundset

Peter Hellberg

Á fyrri hluta ársins 2022 var Anette Anderson ráðin verkefnastjóri hjá NHK, en hún hefur starfsstöð hjá Handels í Stokkhólmi.

Heimsfaraldurinn setti mark sitt á upphaf NHK árið 2021 en NHK tók formlega til starfa á fjarfundi sem haldin var 9. desember 2021 þar sem fyrsta stjórn NHK var kosin, endurskoðendur valdir og fjárframlög ákveðin, en það var ekki fyrr en sumarið 2022 sem fyrsti staðfundur NHK var haldinn.

Starfsnefnd NHK ákvað að flestir fundir skyldu vera fjarfundir, enda væri það í takt við umhverfisáherslur allra sambanda innan NHK. Á árinu 2022 voru haldir fimm fjarfundir starfsnefndar: 25. febrúar, 10. mars, 10. maí, 2. september og 25. nóvember og var Ragnar Þór Ingólfsson fulltrúi LÍV í starfsnefnd, auk þess sem Sigmundur Halldórsson sat alla fundi fyrir hönd LÍV. Í byrjun árs 2023 tók Eiður Stefánsson við sæti Ragnars Þórs Ingólfssonar í NHK og var það formfest á stjórnarfundi NHK í júní 2023

Fyrsti ársfundur NHK 27.-29. júní 2022 – Helsinki
PAM var gestgjafi á fyrsta ársfundi NHK sem fram fór í Helsinki 27.-29. júní 2022. Þema ársfundarins var græn og stafræn umbreyting.

Þessi fundur í Helsinki var fyrsti formlegi ársfundur NHK og raunar fyrsti staðfundur frá því fyrir heimsfaraldur. Á fundinum í var kastljósinu beint að umhverfismálum og þeirri stafrænu umbreytingu sem nú er hafin. Athyglisverð dæmivorunefndumhvernigstéttarfélagáNorðurlöndunum hafa tekið höndum saman með atvinnurekendum til að sú umbreyting sé tækifæri fyrir launafólk til að afla sér nýrrar þekkingar og vaxa í sínu starfi. En stafræna umbreytingin og loftslagsmálin eru, án efa, með allra stærstu áskorunum sem hreyfing launafólks stendur frammi fyrir. Í erindi sem Elina Narvanen frá Tampere háskóla í Finnlandi flutti á fundinum, „Employment and skills needs in the digital and green transition of the Nordic retail industry“, kom fram að verslun og tengd þjónusta á Norðurlöndunum er að breytast og hefðbundin verslun á undir högg að sækja. Þannig séu framleiðendur margir komnir í beint samband við neytendur og verslun eigi sér stað á mun fleiri stöðum en bara í verslunarhúsnæði. Tæknirisar á borð við Google, Meta og Amazon eru komnir í samkeppni við hefðbundna verslun og samtök launafólks á Norðurlöndunum telja afar mikilvægt að skipulagi á vinnumarkaði verði ekki raskað þannig að áunnin réttindi tapist. Áskorun okkar liggur líka í að tryggja möguleika okkar félagsfólks til endurmenntunar og þjálfunar, enda er það hluti af kröfugerð okkar.

Það eru líka margvísleg siðferðisleg álitæfni sem fylgja aukinni söfnun persónuupplýsinga. Slík söfnun kallar augljóslega á þekkingu á öryggisþáttum og tækni, auk þess sem regluverkið tekur stöðugt breytingum sem mikilvægt er fyrir okkur að fylgjast vel með. Norðurlöndin standa í fremstu röð þegar kemur að innleiðingu á nýrri tækni, breytingum í verslun og þau eru líka í fremstu röð þegar kemur að aðgerðum í loftslagsmálum. Áherslan á Norðurlöndunum er á hringrásar hagkerfið, þar sem leitast er við að minnka sóun og auka á endurvinnslu og þannig draga úr neikvæðum áhrifum okkar á umhverfið. Þessi áhersla á hringrásar hagkerfið og fjölmargar tæknibreytingar kalla á nýja hæfni og nú þegar eru merki þess að nokkur skortur sé á sérhæfðu starfsfólki í verslun á öllum Norðurlöndunum.

Fulltrúi: Eiður Stefánsson
Áheyrnarfulltrúi: Sigmundur Halldórsson
Gestur: Ástríður Valbjörnsdóttir

Starfsnefndarfundir 2021-2023

Starfsnefndarfundir eru haldnir reglulega og var Ragnar Þór Ingólfsson fulltrúi LÍV í stjórn NHK frá 2021 til byrjun árs 2023, en þá tók Eiður Stefánsson sæti hans. Auk þess hefur Sigmundur Halldórsson setið starfsnefndarfundir frá því í byrjun árs 2022 sem fulltrúi LÍV. Líkt og áður sagði var tekin um það stefnumótandi ákvörðun að halda sem flesta starfsnefndarfundir sem fjarfundir. Starfsnefnd NHK tekur stefnumarkandi ákvarðanir og er þannig æðsta vald NHK. Samstarfsvettvangurinn hefur staðið fyrir námskeiðum og námsstefnum og einnig lagt fjármuni í að styðja við málefni sem NHK telur rétt að styrkja. Var á árinu 2022 samþykkt að styðja sérstaklega við hjálparstarf í Úkraínu í kjölfar innrásar Rússa.

Annette Anderson sem er starfandi verkefnastjóri NHK heimsótti LÍV 18.-20. október 2022 og átti hér fundi með fulltrúum Starfsmenntasjóðs VR/LÍV, sérfræðingum af kjaramálasviði VR, lögmanni ASÍ og formanni LÍV, auk þess sem hún heimsótti skrifstofu VR á Selfossi. Var heimsóknin hluti af fundaröð þar sem Annette kynnti sér starfsemi allra sambanda innan NHK.

Fulltrúafundir NHK

Fulltrúafundir eru kynningar og samstarfsfundir þeirra sem starfa innan félagana sem eiga aðild að NHK. NHK stóð fyrir eftirfarandi kynningar og fræðslufundum sem fulltrúar frá LÍV sóttu 2022 og 2023:

Kaupmannahöfn 22.-23. nóvember 2022 – Fræðslu og starfsmenntamál

Á fundinum kom skýrt fram að það er sameiginlegur skilningur bæði samtaka launafólks og atvinnurekenda að símenntun og aukin þekking sé mikilvæg, en vísbendingar séu um að launafólk sé ekki að sækja sér aukna menntun og færni í nægilega miklum mæli. Geti þar bæði viðhorf atvinnurekenda og launafólks haft áhrif. Þannig telji stór hópur sig ekki fá nægileg tækifæri til færni þróunar í starfi. Auk þess skorti mögulega upp á upplýsingaefni fyrir launafólk um hvernig best sé að standa að færni þróun. Öll samböndin inn NHK leggja áherslu á að auka stafræna færni síns félagsfólks og að umskipti tengd stafræni umbreytingu og loftslagsmálum séu unnin með hagsmuni launafólks að leiðarljósi.

Fulltrúar LÍV á fundinum voru Eydís Bjarnadóttir frá FVSA, Selma Kristjánsdóttir frá VR og Signý Aðalsteinsdóttir frá VR.

Stokkhólmur 4.-5. september 2023 – Evrópsk samráðsráð á Norðurlöndunum

Á fundinum kom fram að á öllum Norðurlöndunum, utan Íslands, hefur verið stofnað til slíkra samráðsráða. Svo kallað „sérleyfis fyrirkomulag“ hefur orðið til þess að á Íslandi eru starfandi fyrirtæki sem virðast vera erlend, en eru ekki hluti af alþjóðlegu móðurfyrirtæki. Dæmi um þetta eru t.d. IKEA. Systur samtök okkar á Norðurlöndunum höfðu ekki áttað sig á að þarna væri smuga í regluverki, en fram kom að vaxandi áhyggjur væru af þessu í suður hluta Evrópu. Er ætlunin að efla samstarf Norðurlandþjóðanna hvað þetta varðar og beita áhrifum okkar bæði innan alþjóðahreyfingarinnar og ESB fyrir breytingum.

Fulltrúi LÍV á fundinum var Sigmundur Halldórsson frá VR.

Viðbrögð við frumvarpi um stéttarfélagasáild og áhrif af breytingunum á Norðurlöndunum

Mikið og gott samstarf er milli samtaka verslunarfólks á Norðurlöndunum þegar kemur að skipulagi á vinnumarkaði og LÍV leitaði til NHK þegar fram kom frumvarp um breytingar stéttarfélagasáild sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram fyrir sléttu ári. Ljóst er að sótt er að stéttarfélagunum á öllum Norðurlöndunum og verulega hriktir í því vinnumarkaðsmódeli sem kennt er við Norðurlöndin. Þeir pólitísku vindar sem nú blása í Svíþjóð og Finnlandi kalla á viðbrögð frá hreyfingunni og nú þegar er í gangi samtal milli okkar um viðbrögð.

Alþjóðasamstarfið

UNI Global Union

UNI Global Union, áður Union Network International (UNI), eru alþjóðleg samtök sambanda og stéttarféлага launafólks í þjónustu og faggreinum um allan heim. Innan UNI eru félög og félagasambönd launafólks í 150 löndum sem hafa yfir 20 milljón skráða féлага. UNI Global Union var stofnað sem Union Network International árið 2000 með sameiningu fjögurra alþjóðasamtaka FIET (International Federation of Employees, Technicians and Managers) MEI (Media and Entertainment International), IGF (International Graphical Federation) og CI (Communications International). Höfuðstöðvar UNI eru í Nyon í Sviss. UNI Global Union kemur fram fyrir hönd aðildarféлага sinna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, G20 fundum, World Economic Forum og gagnvart ESB. Aðeins landssamtök geta fengið aðild að UNI Global Union. Ásamt LÍV eiga Rafís og Samtök Starfsfólks Fjármála fyrirtækja aðild að UNI. Þing innan UNI eru að jafnaði haldin á 4 ára fresti.

Áherslur UNI snúa að því að tryggja réttindi síns félagsfólks,

berjast gegn aukinni misskiptingu auðs, ótryggum ráðningarsamböndum og berjast fyrir réttlátum umskiptum þegar kemur að orkuskiptum og innleiðingu stafræna lausna. Auk þess sem UNI leggur áherslu á að starfsemi stéttarféлага sé hluti af grundvallar mannréttindum eins og þau birtast í alþjóðasamningum.

Starfsemi UNI Global Union er skipt bæði niður í heimshluta og eftir starfsgreinum. Þannig tekur LÍV þátt í starfi UNI Global, UNI Europa og UNI Norden. Þegar kemur að starfsgreinum er LÍV virkt bæði innan UNI Commerce og UNI ITCS, en það síðarnefnda eru starfsgreinar í upplýsingatækni og þar eru fulltrúar Rafís með okkur. Við tökum þátt í UNI Commerce á heimsvísu, innan Evrópu og með systur samböndum okkar á hinum Norðurlöndunum. UNI er virkt í fjölda annara atvinnugeira og má þar nefna fjármál, ummönnun, hönnun, flutningum, fjölmiðlum, fasteignaumsjón, skapandi greinum, spilamennsku og atvinnuþróttum svo nokkuð sé nefnt.

UNI kemur fram fyrir hönd aðildarsamtaka sinna gagnvart yfirþjóðlegum stofnunum eins og ILO, G20 og OECD og hefur lagt á það áherslu að standa vörð um rétt launafólks til þess að stofna til stéttarféлага og knýja atvinnurekendur til samninga um kaup og kjör fyrir hönd féлага sinna. Þetta gerir UNI í krafti aðildar samtaka launafólks frá 150 löndum. UNI hefur undirritað yfir 50 alþjóðlega samninga og staðið að gerð samskiptareglna við fjölþjóðleg fyrirtæki til þess að styrkja rétt launafólks til að stofna stéttarfélög og semja um lífskjör sín án ótta eða í andstöðu við atvinnurekendur. Margir þessara samninga taka einnig á lykilatriðum eins og að stuðla að jafnrétti, binda enda á kynbundið ofbeldi, koma á fót heilbrigðis- og öryggisnefndum sem og stefnumörkun varðandi fjarvinnu. Með samstarfi sambanda sem standa að UNI hefur tekist að ná fram mikilvægum réttindum, starfsöryggi og kjörum fyrir hönd starfsfólks sem starfar hjá fjölþjóðlegum fyrirtækjum.

Aðild okkar að UNI Global Union og NHK er þannig afar mikilvægur þáttur í því að fylgjast með því sem er að gerast innan ESB og gefur okkur tækifæri til þess að koma á framfæri sjónarmiðum Íslands við undirbúning regluverks ESB. Á það hefur verið bent að ESB er leiðandi í margvíslegu regluverki sem hefur áhrif langt út fyrir ESB. Lönd sem vilja eiga viðskipti við ESB komast ekki hjá því að taka upp regluverkið, þrátt fyrir að hafa engin áhrif á gerð þess. Dæmi um þetta er t.d. persónuverndarlöggjöf ESB og neytendavernd þegar kemur að verslun á netinu.

Skattur til UNI Global Union 2021: 12.949.152 krónur
Skattur til UNI Global Union 2022: 13.617.957 krónur
Skattur til UNI Global Union 2023: 15.812.935 krónur
Meðalgjald á féлага í LÍV 2023: 373 krónur

Öryggi í starfi

UNI Commerce hefur lagt sérstaka áherslu á aukið öryggi verslunarfélks við störf sín og heldur m.a. annars úti vefsvæði um málaflokkinn – „Stop Violence And Harassment In Commerce“ þar sem finna má skýrslur, kynningarefni og fleira sem tengist málaflokknum. UNI Commerce hefur á undanförunum árum verið með sérstakt átak um heim allan 17. nóvember þar sem kastljósinu er beint að ofbeldi og öryggi á vinnustöðum verslunarfélks. Í tengslum við heimsping UNI Global Union í ágúst 2023 kom út nýjasta skýrsla UNI Commerce um ofbeldi gegn verslunarfélki. Í henni er lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að stjórnvöld lögleiði ILO 190 samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Bæði þing UNI Global Commerce sem haldið var í Atlanta 2022 og á heimþingi UNI Global Union kom skýrt fram mikilvægi þess að aðildarfélögum gerðu allt sem þau gætu til þess að þrýsta á um lögfestingu ILO 190 í heimalöndum sínum.

UNI Global Commerce Atlanta 6.-9. desember 2022

Í desember 2022 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Atlanta á vegum UNI Commerce sem bar yfirskriftina „Commerce Workers Rise! A Global Movement For Our Time“. Nokkur hundruð fulltrúar verslunarfélaga frá 30 löndum komu þar saman, þar á meðal fulltrúar frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna. LÍV vannur í traustu samstarfi með öðrum Norðurlandþjóðum á þessum vettvangi. Norðurlöndin hafa mjög sterka rödd innan alþjóðahreyfingarinnar í krafti samstöðu sinnar og samstarfs.

Á ráðstefnunni voru flutt fjölmörg erindi sem vörðuðu aðgerðaráætlun samtakanna fyrir 2022 til 2026 sem lögð var fyrir og samþykkt á þinginu. Aðgerðaráætlunin er í fimm köflum sem hver og einn ber yfirskrift sem endurspeglar innihaldið:

Uppbygging samtaka verslunarfélks og aukin áhrif þeirra. Netverslun er verslun.

Heilsa og öryggi verslunarfélks.

Áhersla á réttlæti við stafræna umbreytingu og viðbrögð í umhverfismálum.

Aukin áhrif stéttarfélaga í allri virðiskeðju í verslun (aðföng, framleiðsla, flutningur og sala) til að stuðla að félagslegri og umhverfislegri sjálfbærni.

Það var upplýsandi fyrir fulltrúa LÍV að heyra af aðstæðum verslunarfélks sem oft þarf að berjast fyrir jafn einföldum og sjálfsögðum mannréttindum eins og þeim að geta stofnað stéttarfélög. Raunar kom skýrt fram að eitt helsta verkefni UNI Commerce er að styðja við bakið á verslunarfélki í þeim löndum þar sem þessi réttindi eru mun minni en við eigum að venjast. Það er þörf áminning um mikilvægi þess að verja íslenska vinnumarkaðsmódelið að heyra af því að samherjar okkar á Norðurlöndunum, sem stutt hafa við bakið á

verslunarfélki sem starfar í verslunum sem við þekkjum hér á landi, hafa þurft að sæta því að vera handtekin þegar þau reyndu að heimsækja vinnustaði þessara fyrirtækja í Bandaríkjunum til þess að kynna sér aðstæður launafólks. Fulltrúar: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

UNI Global Union Congress Filadelfíu 25.-30. ágúst 2023

Heimsping UNI Global Union var haldið í 6. skipti dagana 26.-30. ágúst í Filadelfíu undir yfirskriftinni „Rising Together“. Þar voru saman komnir fulltrúar samtaka launafólks frá 109 löndum. Fyrir þingið var haldin ráðstefna kvenna innan UNI Global Union þar sem samþykkt var stefnumörkun UNI Global Union varðandi jafnréttismál. Fyrir utan þá augljósu kröfu að öll njóti sömu launa fyrir sömu störf, þá leggja konur áherslu á að jafnrétti náist ekki nema horft sé til heildarmyndarinnar sem taki ekki eingöngu til vinnustaðar. Enn og aftur kom fram sá gríðarlegi aðstöðumunur sem ríkir eftir löndum. Réttur kvenna til launaðs fæðingarorlofs er mjög misjafn og sömuleiðis allar starfsaðstæður þeirra. Sömuleiðis séu konur oft í störfum þar sem þess er krafist að þær vinni langar vaktir, auk þess að sinna fjölskyldu og heimili.

Á þinginu var tónninn sleginn strax á fyrsta degi þegar Bernie Sanders steig í pontu og hélt þrumuræðu þar sem hann sagði það meðal annars vera hlutverk samtaka launafólks að leiða breytingar í þessari miklu bylgju tæknibreytinga og gríðarlegrar auðsöfnunar á hendur örfárra aðila á sama tíma og fólk býr við fátækt. Sanders var ekki sá eini sem ræddi um misskiptingu auðs og hið mikilvæga hlutverk samtaka launafólks.

Bæði á ráðstefnu kvenna og á heimspingi UNI Global Union var lögð á það áhersla að fylgja þyrfti eftir samþykkt ILO 190 sem lýtur að því að tryggja beri öryggi starfsfólks bæði á vinnustöðum og heimilum. Til að við getum öll stolt sinnt okkar störfum verður að tryggja að við verðum ekki fyrir áreiti eða ofbeldi en fram hjá því verður ekki litið að konur eru mun líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi við störf sín og eru einnig frekar fórnarlömb heimilisofbeldis. Með löggildingu ILO 190 munu atvinnurekendur bera ábyrgð á því að tryggja öryggi starfsfólks síns gagnvart þriðja aðila og skapa öryggi á vinnustaðnum.

Fjölmargar ályktanir voru samþykktar á þinginu sem m.a. snéru að eflingu ungliðastarfs, kröfum um jafnrétti launafólks, öryggi og heilsu, réttlát umskipti og störf í stafrænum heimi. Samhljómur var í málflutningi allra samtaka verslunarfélks frá Norðurlöndunum á þinginu. Fulltrúar: Ragnar Þór Ingólfsson Formaður LÍV/VR, Eiður Stefánsson formaður FVSA og Selma Björk Grétarsdóttir varaformaður VR

Skýrslur aðildarfélaga

VR

FVSA

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

AFL

Framsýn

Stéttarfélagið Samstaða

Stéttarfélag Vesturlands

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Verkalýðsfélag Þórshafnar

ÞJÓNUSTAN Í HNOTSKURN 2022

| | |
|------------------------------------|------------|
| FJÖLDI AFGREIÐSLNA | 4.692 |
| FJÖLDI SÍMTALA | 37.571 |
| FJÖLDI TÖLVUPÓSTA TIL VR@VR.IS | 13.638 |
| UMFERÐ UM VR.IS | 583.000 |
| FJÖLDI FÉLAGSFÓLK | 38.883 |
| FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA | 1.728 |
| FÉLAGSGJÖLD | 1,8 MA.KR. |
| FJÖLDI GISTINÁTTA ORLOFSHÚSA | 20.491 |
| GREIDDIR SJÚKRADAGPENINGAR | 1,9 MA.KR. |
| STARFSMENNTASTYRKIR, FJÖLDI | 7.568 |
| VR VARASJÓÐUR, STYRKIR | 727 M.KR. |
| VR VARASJÓÐUR, FJÖLDI EINSTAKLINGA | 16.508 |

Rekstur félagsins og húsnæði

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fimm svið sem eru fjármála- og rekstrarsvið, kjaramálasvið, mannauðssvið, þjónustusvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Í byrjun mars 2023 var 71 starfandi hjá VR í tæplega 66 stöðugildum.

Í árslok 2022 voru 85 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu þrettán orlofshús og eitt hótélherbergi á árinu. Útleigunætur á árinu 2022 voru 20.491 samanborið við 20.339 árið 2021, en nýting húsa minnkaði úr 70% í 67% milli ára. Nýting orlofshúsanna yfir vetrarmánuðina var nokkuð góð, einkum þar sem eru heitir pottar. Formaður VR er Ragnar Þór Ingólfsson.

Félagsstarf og fundir

Stjórn VR fundaði alls átján sinnum á starfsárinu. Að auki var haldinn vinnufundur stjórnar snemma árs 2023. Trúnaðarráð VR fundaði fjórum sinnum á starfsárinu. Haldnir voru tveir félagsfundir á starfsárinu. Sá fyrri var í desember 2022 þar sem nýgerðir kjarasamningar voru kynntir. Sá síðari var í mars árið 2023 þegar frambjóðendur til formanns og stjórnar kynntu sig og áherslur sínar í aðdraganda atkvæðagreiðslu um forystu félagsins kjörtímabilið 2023 - 2025.

Aðalfundur var haldinn þann 28. mars 2022. Ársfundir deilda VR voru haldnir á Austurlandi, í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi.

45. þing Alþýðusambands Íslands var sett þann 10. október 2022. Á þinginu átti 91 félagi VR seturétt en alls 101 frá öllum aðildarfélögum Landssambands ísl. verzlunarmanna, LÍV. Þinginu var frestað þann 12. október þar sem ekki náðist samkomulag um fyrirkomulag kosninga til trúnaðarstarfa. Ákvörðun um dagsetningu framhaldsþings sett í hendur miðstjórnar sambandsins sem tilkynnti snemma árs 2023 að framhaldsþing yrði haldið síðari hluta apríl 2023.

Kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa

Þann 25. janúar 2023 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2023 – 2025. Auglýst var eftir framboðum til formanns, sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 6. febrúar 2023. Alls bárust tvö einstaklingsframboð til formanns og sextán einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin.

Til formanns VR fékk Ragnar Þór Ingólfsson kosningu til tveggja ára.



Til stjórnar VR fengu eftirtalin kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR: Halla Gunnarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Jennifer Schröder, Þórir Hilmarsson, Vala Ólöf Kristinsdóttir.

Sjúkrasjóður

Greiðslur sjúkradagpeninga til félaga í VR hækkuðu á milli áruna 2021 og 2022. Þetta snýr við ákveðinni þróun en greiðslur sjúkradagpeninga höfðu áður lækkað tvö ár í röð. Á árinu 2022 voru greiðslur sjúkradagpeninga nánast þær sömu og áður en lækkunin hófst árið 2019 og eru því

Skráningar á vegum VR í gagnagrunn eftirlitsins á árinu 2022 voru tæplega eitt þúsund á árinu. Það er talsverð fækkun frá því sem fyrst var en ferlinu hefur verið breytt nokkuð, með aukinni upplýsingagjöf til starfsfólks auk þess sem ítarlegar er spurt um kjör og aðstæður einstaklinga. Fjöldi skráninga er þó mun meiri en á árunum 2020 og 2021, en vegna Covid faraldursins lá vinnustaðaeftirliti að stórum hluta niðri.

VR hefur lagt aukna áherslu á að skoða hvernig rafrænu eftirliti er háttað í fyrirtækjum en fjöldi fyrirtækja fékk athugasemdir frá eftirlitsfulltrúum vegna notkunar á

| | 2022 | | 2021 | |
|--|--------------|----------------------|--------------|----------------------|
| | Fjöldi | Upphæð | Fjöldi | Upphæð |
| Sjúkradagpeningar | 1.425 | 1.921.777.630 | 1.187 | 1.509.580.988 |
| Dánarbætur | 140 | 57.056.639 | 131 | 56.059.678 |
| Örorkubætur | 19 | 37.355.850 | 14 | 36.762.900 |
| Aðrir styrkir til sjóðfélaga | 126 | 22.873.297 | 129 | 24.005.650 |
| Bætur og styrkir til félagsfólks samtals* | 1.710 | 2.039.063.416 | 1.442 | 1.626.409.216 |

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka.

aftur komnar í svipað horf og þær voru fyrir heimsfaraldur Covid-19.

Fræðslumál

Á árinu 2022 voru greiddar tæplega 685 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsfólks VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við rúmlega 704 milljónir króna árið áður. Lækkun varð á milli á ára um 2,7%.

Umsóknir félagsfólks VR um styrk árið 2022 voru alls 9.686 en voru 9.906 árið áður. Á árinu 2022 fengu 634 félagar greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en voru 714 árið 2021.

Vinnustaðaeftirlit

Vinnustaðaeftirlit VR byggir á samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum sem tók gildi árið 2010. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í heimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR á árinu 2022 voru tveir, annar með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

myndavélum í starfsmannarými og/eða myndavéla sem voru settar upp til að fylgjast með vinnu starfsfólks. Slík mál voru oftast leyst með samtölum við stjórnendur en í stökum tilfellum var Persónuvernd gert viðvart og óskað eftir að stofnunin gerði úttekt á eftirliti fyrirtækjanna með starfsfólki.

Kjarasamningar

Þann 12. desember 2022 var skrifað undir samning við Samtök atvinnulífsins, eftir erfiðar kjarasamningaviðræður. Skrifað var undir samning við Félag atvinnurekenda á svipuðum nótum daginn eftir, 13. desember. Samningarnir voru kynntir á fjölmennum fundi með félagsfólki þann 14. desember. Félagfólki stóð til boða að koma á staðfund en einnig að fylgjast með í streymi sem vel á annað hundrað féлага gerðu.

Rafræn atkvæðagreiðsla um báða kjarasamninga stóð yfir dagana 14. – 21. desember 2022.

Kjarasamningur VR og Samtaka atvinnulífsins var samþykktur með 81,91% atkvæða en já sögðu 7.808. Alls sögðu 1.504 nei eða 14,78% og 220 tóku ekki afstöðu eða 2,31%. Á kjörskrá voru 39.115 og greiddu 9.532 atkvæði. Kjörsókn var 24,37%

Félagatal

| Ár | Konur | Karlar | Kynsegin | Samtals | Fullgild við áramót | Snertingar við félagið** |
|------|--------|--------|----------|---------|---------------------|--------------------------|
| 2011 | 16.804 | 12.036 | - | 28.840 | 24.319 | 38.152 |
| 2012 | 17.022 | 12.452 | - | 29.474 | 25.185 | 39.062 |
| 2013 | 17.072 | 12.709 | - | 29.781 | 25.760 | 39.278 |
| 2014 | 17.353 | 13.020 | - | 30.373 | 26.045 | 40.090 |
| 2015 | 17.672 | 13.430 | - | 31.102 | 26.573 | 41.368 |
| 2016 | 18.481 | 14.332 | - | 32.813 | 27.893 | 43.641 |
| 2017 | 19.250 | 15.981 | - | 35.231 | 29.977 | 46.866 |
| 2018 | 19.952 | 16.075 | - | 36.029 | 30.867 | 47.506 |
| 2019 | 20.700 | 16.675 | - | 37.375 | 32.320 | 48.326 |
| 2020 | 19.877 | 16.625 | - | 36.502 | 31.941 | 45.894 |
| 2021 | 19.866 | 17.015 | - | 36.880 | 31.666 | 47.233 |
| 2022 | 20.721 | 18.083 | 79 | 38.883 | 33.100 | 50.315 |

*Frá og með árinu 2022 heldur VR utan um fjölda kynsegin félagsfólks.

**Tölur yfir snertingar við félagið sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár.

Kjarasamningur VR og Félags atvinnurekenda var samþykktur með 85,17% atkvæða en já sögðu 247. Alls sögðu 38 nei eða 13,10% og 5 tóku ekki afstöðu eða 1,72%. Á kjörskrá voru 939 og greiddu 290 atkvæði. Kjörsókn var 30,88%

Kjarasamningurinn er framlenging á Lífskjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi. Í kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins var samið um launahækkun í formi hlutfallshækkunar og hámarkskrónutöluhækkunar. Þann 1. nóvember 2022 tóku mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75% að hámarki 66 þúsund krónur, en laun samkvæmt launatöxtum hækkðu hlutfallslega meira.

Kjarasamningunum fylgir dagsett verkáætlun sem kveður á um viðræður um önnur atriði í kröfugerð en þau sem samningar taka til. Þá er einnig birt með samningi VR og SA yfirlýsing aðila um skipan sameiginlegs starfshóps sem hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu efnahagsmála, þróunar verðlags og undirliggjandi þátta.

Dómsmál

Á árinu 2022 fóru 56 mál til lögmans VR til frekari innheimtu, að gjaldþrotamálum undanskildum og fyrir utan mál sem lögmaður VR flutti fyrir Félagsdómi fyrir hönd félagsins. Sendar stefnur fyrir hönd félagsfólks VR árið 2022

voru alls 22. Aðstoð dómstóla þurfti í 9 málum sem enduðu með dómi eða dómsátt.

Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA)

Starfsemi

Þróun í fjölda félagsfólks
Félagafjöldi hefur haldist svipaður á milli árunna 2021 og 2022. Fullgildir félagar eru 2.436, þar af eru 420 lífeyrisþegar. Konur eru um 58% félaga.

Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins hefur gengið vel undanfarin ár. Heildartekjur allra sjóða hækkðu um 9% á milli árunna 2021 og 2022 og tekjur félagsins fyrir árið 2022 voru 253.890.361 kr. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam rekstrarafgangur félagsins 11 mkr. og eigið fé í árslok nam 790 mkr.

Félagið er með fimm starfsmenn í 4,6 stöðugildum. Skrifstofa félagsins er á 3. hæð Alþýðuhússins að Skipagötu 14 á Akureyri. Þá sér félagið um 11% rekstrarhlut sameiginlegrar skrifstofu stéttarfélaganna á Siglufirði.

Félagsstarf og fundir

Fundir félagsins

Stjórn félagsins er mynduð af fimm manna félagsstjórn auk þriggja varamanna. Stjórn FVSA fundaði alls sjö sinnum á liðnu starfsári.

Trúnaðarráð FVSA er skipað af 21 félagi; stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn auk þrettán fullgrildra félaga. Sjó fundir voru haldnir í trúnaðarráði á liðnu starfsári.

Haldnir voru þrjú félagsfundir á árinu auk aðalfundar sem var haldinn mánudaginn 28. febrúar.

Fundargerðir má nálgast inni á vef félagsins www.fvsa.is.

Fræðsla

Eitt af lykilhlutverkum félagsins er að miðla áfram upplýsingum og vera í tengslum við sína félaga. Á árinu gafst tækifæri til þess að sinna breiðu bili félaga með eftirfarandi fræðsluviðburðum:

- Starfslokanámskeið: Í samstarfi við SÍMEY bauðst eldra félagsfólki að fræðast um lífeyrissjóði, sjúkratryggingar, andlegar og félagslegar hliðar þess að láta af störfum auk erinda frá félaginu og fleiri aðilum.
- Fræðsla fyrir 10. bekk: Á haustmánuðum býður félagið öllum grunnskólum á þjónustusvæði félagsins að fá fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- Trúnaðarmannanámskeið: FVSA er í samstarfi við önnur stéttarfélag á svæðinu um trúnaðarmannanámskeið og hafa þau verið vel sótt.
- Útgáfu- og kynningarmál: FVSA sendir reglulega út fréttabréf til félagsfólks sem skráð er á póstlista auk þess að standa fyrir herferðum á samfélagsmiðlum með fræðslu og upplýsingum frá félaginu.

Önnur verkefni

- Saga Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, Sækjum við að settu marki, kom út og var útgáfuhóf haldið fyrir aðalfund félagsins af því tilefni.
- Lífeyrisþegum félagsins var boðið í leikhúsferð.
- FVSA bauð til kröfugöngu og kaffisamsætis í tilefni verkalyðsdagsins í sameiginlegri hátíðardagskrá stéttarfélaganna við Eyjafjörð.
- Félagið er aðili að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símei, Virk starfsendurhæfingu við Eyjafjörð, Ráðgjafatorgi Akureyrarbæjar og Fjölsmiðjunni á Akureyri.
- Starfsdagur trúnaðarmanna var haldin í byrjun árs þar sem lögð var áhersla á fræðslu í bland við sjálfsefningu einstaklingsins.

Sjúkrasjóður

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2022 voru 63.627.313 kr. en árið áður 35.995.827 kr., sem er um 57% aukning milli ára og mesta aukning milli ára í greiðslu sjúkradagpeninga frá upphafi. Ástæðan er í megindráttum tvíþætt, annars vegar var tekin ákvörðun um að veita heimild til að auka greiðslur sjúkradagpeninga úr fjórum mánuðum í sex og í öðru lagi voru greiðslur sjúkradagpeninga árið 2021 sögulega lágur.

Öll innkoma í sjóðinn er endurgreidd til félagsmanna í formi ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða og styrkja auk dagpeninga.

Starfsmenntasjóður

Alls fékk 401 félagi FVSA úthlutað styrk úr Starfsmenntasjóð árið 2022, samtals að upphæð 29.610.852 kr.

Orlofsjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á sjö orlofsíbúðir í Mánatúni í Reykjavík, sex eru í almennri leigu til félagsmanna og ein er leigð til þeirra sem þurfa að leita sér lækninga í borginni. Nýting íbúðanna er mjög góð. Á Illugastöðum á félagið þrjú orlofshús sem eru leigð allan ársins hring. Þá á félagið stórt og glæsilegt orlofshús í Vaglaskógi og nýreist orlofshús í Húsafelli. Að auki framleigir félagið nokkur orlofshús yfir sumarmánuðina. Önnur hlutverk orlofsjóðs er að úthluta orlofsstyrkjum, hafa milligöngu um sölu á Veði- og Útilegukortinu ásamt niðurgreiddum inneignarbréfum fyrir flug og gistingu.

Atvinnumál svæðisins

Að meðaltali greiddu tuttugu félagar af atvinnuleysisbótum og hlutabótum til félagsins á öðrum ársþriðjungi 2023. Staða á vinnumarkaði er með ágætum og atvinnuleysi lítið. Töluverð eftirspurn er eftir starfsfólki á svæðinu.

Samskipti við atvinnurekendur

Heilt yfir hafa samskipti við atvinnurekendur gengið vel og hefur verslunum á svæðinu fjölgað ögn auk þess sem matvöruverslanir hafa margar hverjar aukið við opnunartíma.

FVSA hefur verið í átaki í að leiðrétta skráningu félagsfólks og ber helst á því að félagsfólk í verslunum séu skráð í stéttarfélag sem ekki eru með kjarasamning fyrir verslunarfólk.

Kjarasamningar

Félagið kom að þeim samningum sem Landssamband íslenskra verzlunarmanna (LÍV) gerði við Samtök atvinnulífisins (SA) og Félag atvinnurekenda (FA), auk sérkjarasamnings við innanlandsflug Icelandair, í desember 2022.

Að auki gerði FVSA einn sérkjarasamning um kaup og kjör þeirra sem starfa við afgreiðslu- og þjónustustörf á bensínafgreiðslustöðvum við Samtök atvinnulífsins. Samningurinn er hluti af aðalkjarasamningi LÍV við SA.

Kjörsókn félagsmanna FVSA var heilt yfir með ágætum og nýttu 27,45% félagsmanna atkvæðisrétt sinn um samninginn við SA, eða 475 manns, þar af samþykktu 90,82% hann.

Akureyri, september 2023.
Eiður Stefánsson, formaður.

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Þróun félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi hefur haldist frekar stöðugur. Í árslok 2021 voru þeir 174 en í árslok 2022 voru þeir 171. Sem fyrr eru konur 2/3 af félagsmönnum. Atvinnuleysi er nánast ekkert hjá félagsmönnum.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Hagnaður félagsins árið 2021 var rúmlega 10,8 milljónir, þar af voru fjármagnstekjur 6,3 milljónir. Innborguð félagsgjöld voru 9,2 milljónir. Árið 2022 var hagnaðurinn rúmlega 5,3 milljónir og þar af voru fjármagnstekjurnar 2,9 milljónir. Innborguð félagsgjöld voru 9,4 milljónir. Eignir félagsins í árslok 2022 voru rúmlega 245 milljónir.

Félagsstarf og fundir:

Haldnir eru 7-9 stjórnarfundir á ári í félaginu, síðan eru haldnir fundir í trúnaðarráði eins og þarf hverju sinni. Almennir félagsfundir auk aðalfundar eru síðan 1-2 á hverju ári.

Sjúkrasjóður:

Rekstur sjóðsins hefur verið svipaður undanfarin ár en s.l. 2 ár hafa þó verið að aukast greiðslur sjúkradagpeninga og þá sérstaklega til ungra félagsmanna sem er ákveðið áhyggjuefni. Félagið greiðir einnig út ýmsa styrki s.s. til sjúkraþjálfunar, sjúkranuðs, líkamsræktar, krabbameinsskoðunar ofl. Á hverju ári eru í kringum 90-100 afgreiðslur úr sjúkrasjóðnum. Tekjur sjóðsins hafa alltaf verið meiri en útgreiðslur þannig að peningaleg staða sjóðsins er ágæt. Hrein peningaleg eign um s.l. áramót var tæplega 125 milljónir. Þá hefur sjóðurinn átt um langt árabíl íbúð í Reykjavík ásamt tveimur stéttarfélagunum í Skagafirði sem að leigð er út til þeirra sem að þurfa að leita sér lækningar á höfuðborgarsvæðinu.

Orlofsjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið á sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði ásamt Öldunni stéttarfélagi og einnig íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði til almennrar útleigu til félagsmanna.

Þá hefur félagið greitt um nokkurra ára skeið orlofsstyrki sem að vegur upp á móti því að félagið á ekki nema eitt orlofshús til almennrar útleigu. Um 40-50 félagsmenn nýta sér þessa orlofsstyrki árlega. Félagið hefur einnig niðurgreitt ákveðna gistimöguleika á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Á árinu 2022 námu þessir styrkir rúmlega 900 þúsund kr.

Fræðslumál:

Félagið hefur verið í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og styrkt þar námskeið sem hafa verið í gangi fyrir félagsmenn. Félagið hefur einnig veitt Farskólanum rekstrarstyrk árlega. Þá hefur verið töluverð ásókn í styrki til starfsmenntasjóðs sem er mjög af hinu góða. 25 – 35 félagsmenn nýta sér árlega styrki úr sjóðnum. Félagsmenn eru duglegir bæði við starfstengt nám og tólmstundanámskeið.

Þá hefur félagið verið í samstarfi við önnur stéttarfélög á Norðurlandi vestra og Farskóla NV boðið upp á afmörkuð námskeið sem eru ókeypis fyrir félagsmenn, bæði á netinu og staðbundin námskeið.

Atvinnumál svæðisins:

Atvinnumál hjá félagsmönnum hafa verið í þokkalegu ástandi árin 2021-2022 og ferðaþjónustan sem er ekki eins stór burðarás í atvinnulífi í Skagafirði og annars staðar hefur rétt hratt úr kútnum og lítið sem ekkert atvinnuleysi. Verslunarmannafélagið hefur ekki þurft að lýsa kröfu í þrotabú á þessu tímabili. Hins vegar hefur lítil sem engin fjölgun fyrirtækja verið á svæðinu.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við atvinnurekendur hafa gengið nokkuð vel fyrir sig á þessu tímabili. Of mikið er um að fólk fái einungis greitt eftir töxtum sérstaklega í verslun. Laun hjá skrifstofufólki eru hins vegar mun betri og í langflestum tilfellum er verið að greiða yfir töxtum þar.

Kaupfélag Skagafirðinga er langstærsti atvinnurekandinn á svæðinu og rekur jafnframt stærstu verslanirnar. Annar öflugur verslunarrekstur er einnig til staðar á Sauðárkróki. Einnig eru olúfélögin stór atvinnurekandi á svæðinu sem og endurskoðunarskrifstofur.

Annað:

Félagið er í samstarfi við Ölduna stéttarfélag varðandi þjónustu við félagsmenn. Starfsfólk skrifstofunnar sér um

allan daglegan rekstur og umsýslu fyrir félagið, túlkun kjarasamninga og alla almenna þjónustu við félagsmenn. Félögin halda einnig úti sameiginlegri heimasíðu www.stettarfelag.is.

Stjórn:

| | |
|----------------------------|---------------|
| Hjörtur Geirmundsson | formaður |
| Sigríður G. Sigurðardóttir | varaformaður |
| Lilja Sigurðardóttir | gjaldkeri |
| Erna Reynisdóttir | ritari |
| Jóhann Sigmarsson | meðstjórnandi |

AFL

Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins er í jafnvægi og traustur. Félagið rekur 6 þjónustuskrifstofur á félagssvæðinu. Hjá félaginu starfa 16 starfsmenn í liðlega 12 stöðugildum þar af eru 2 Virk ráðgjafar.

Þróun félagsmannafjölda AFLs

| Ár | Greiðandi | | | Gjaldfrjálsir | | | Heildarfjöldi |
|------|-----------|--------|---------|---------------|--------|---------|---------------|
| | Konur | Karlar | Samtals | Konur | Karlar | Samtals | Samtals |
| 2021 | 198 | 104 | 302 | 34 | 13 | 47 | 349 |
| 2022 | 281 | 154 | 435 | 39 | 14 | 53 | 488 |
| 2023 | 283 | 167 | 450 | 39 | 14 | 53 | 503 |

Félagsstarf og fundir

Verslunar- og skrifstofudeildin er ein af fjórum deildum félagsins. Deildin er þátttakandi í félagsstarfi heildarfélagsins og sinnir einnig sérmálum deildarinnar. Haldin eru trúnaðarmannanámsskeið tvisvar á ári, annars vegar á vorin og hins vegar á haustin. Jafnframt ýmsir viðburðir. Stjórn deildarinnar fundar eftir þörfum aðalstjórn félagsins ca 10 sinnum á ári.

Kjaramál

Vinna í og við kjarasamninga deildarinnar hefur verið í góðu samstarfi við LÍV og hefur deildin verið með umboð fyrir kjarasamningsgerð hjá landssambandinu.

Sjúkrasjóður.

Félagið hefur á að skipa öflugum sjúkrasjóði sem auk sjúkradagpeninga og dánarbóta greiðir ýmsa styrki. Greiðslur sjúkradagpeninga eru 85% af launum. Þakið stendur núna í tæplega 1200 þúsundum á mánuði. Í styrkjum eru þyngstir styrkir vegna læknisferða út fyrir svæðið auk sjúkráþjálfunarstyrkja og heilsueflingarstyrkja.

Töluverðar sveiflur eru í greiðslum úr sjúkrasjóði milli ára, bæði í sjúkradagpeningum og styrkjum.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið hefur yfir að ráða öflugum orlofssjóði sem hefur einbeitt sér að útleigu orlofshúsa og orlofsíbúða. Stöðug ásókn er í íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík, bæði sem orlofsnotkun og ekki síður sem sjúkranotkun, en sjúkrasjóður á hlut í nokkrum íbúðum. Orlofssjóðurinn býður jafnframt upp á aðra orlofskosti s.s ódýrari gistingu á hótél, útilegu- og veiðikort og fleira.

Fræðslumál

Félagið er í nánú samstarfi við Austurbrú og Fræðslunet Suðurlands um ýmis fræðsluverkefni.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástand á svæðinu er gott

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur eru í ákveðnum farvegi. Í venjulegu árferði stendur félagið fyrir öflugum

vinnustaðaeftirliti í samstarfi við ASÍ.

Hjördís Þóra tók saman

Framsýn stéttarfélag

Formaður Aðalsteinn Á. Baldursson

Varaformaður Ósk Helgadóttir

Formaður deildar Elva Héðinsdóttir

Varaformaður deildar Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir

Hér er ein breyting frá síðustu skýrslu, Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir kemur inn sem varaformaður deildarinnar í stað Trausta Aðalsteinssonar.

Þróun félagsmannafjölda:

Heildarfjöldi félagsmanna um síðustu áramót var samtals 3.318 sem er umtalsverð fjölgun milli ára. Félagið er deildaskipt. Innan Deildar verslunar- og skrifstofufólks eru 450 félagsmenn.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Fjárhagsleg afkoma félagsins var mjög góð á árinu 2022. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 346 milljónum sem er hækkun um 20% milli ára. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af hærri iðgjaldatekjum. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 295 milljónum 2022 á móti kr. 241 milljónum á árinu 2021 sem er hækkun upp á um 22%. Rekstrargjöld hækkuðu um 34,5% á milli ára en þau námu kr. 248 milljónum 2022. Þessi hækkun er einkum tilkomin vegna greiðslna úr sjúkrasjóði sem eru stærsti einstaki útgjaldaliður Framsýnar fyrir utan laun og launatengd gjöld. Greiðslur úr sjúkrasjóði hækkuðu um 33 milljónir samanborið við 2021. Fjármagnstekjur námu kr. 128 milljónum en voru 71 milljón á árinu 2021. Í árslok 2022 var tekjuafgangur félagsins kr. 218 milljónir en var kr. 168 milljónir árið 2021. Heildareignir félagsins námu kr. 2.659 milljónum í árslok 2022 samanborið við kr. 2.434 milljónir í árslok 2021. Félagið heldur úti skrifstofuhúsnæði á Húsavík í samstarfi við Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur.

Formaður Framsýnar er Aðalsteinn Árni Baldursson. Formaður Deildar verslunar- og skrifstofufólks er Elva Héðinsdóttir sem var endurkjörin á síðasta aðalfundi deildarinnar. Trausti Aðalsteinsson varaformaður var ekki í kjöri. Í hans stað var kjörin Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir. Ekki urðu frekari breytingar á stjórn deildarinnar.

Félagsstarf og fundir:

Framsýn heldur úti öflugu félagsstarfi. Fundað er reglulega í félaginu og deildum þess. Deild verslunar- og skrifstofufólks. Innan félagsins er starfandi Framsýn-ung sem fundar reglulega. Mikið er lagt upp úr vinnustaðaheimsóknum og fræðslustarfsemi fyrir almenna félagsmenn. Þá eru reglulega haldin trúnaðarmannanámskeið. Almennt er mikið lagt upp úr því að eiga gott samstarf við félagsmenn, atvinnurekendur og aðra samstarfsaðila á hverjum tíma. Líkt og önnur stéttarfélög hefur Framsýn orðið að takast á við breyttan vinnumarkað þar sem erlendum félagsmönnum hefur fjölgað verulega á félagssvæðinu. Til að mæta þessu breytta landslagi ákvað félagið að ráða sérstakan starfsmann sem ætlað að sinna þessum ört fjölgandi hópi félagsmanna sem þegar hefur skilað mjög góðum árangri. Þá opnaði félagið ásamt samstarfsaðilum ljósmyndasýningu í Safnahúsinu á Húsavík 3. desember 2022 undir yfirskriftinni „Samfélagið í hnotskurn“. Samhliða sýningunni var í boði fjölmenningsdagsskrá í samstarfi við Húsavíkurstofu og fjölmenningsfulltrúa Norðurlands. Með þessu framtaki vildi félagið leggja sitt að mörkum til að treysta stöðu erlenda nýbúa á félagssvæðinu og bjóða þá um leið velkomna í samfélagið. Framtakið vakti mikla hrifningu. Til viðbótar má geta þess að félagið svaraði kalli ASÍ til aðildarfélaga

sambandsins og lagði flóttafólki frá Úkraínu til orlofsíbúð í tæplega eitt ár. Mæðgur með lítið barn á flotta fluttu inn í íbúðina 1. maí 2022 sem er táknað enda ber dagurinn upp á alþjóðlegan baráttudag verkafólks.

Sjúkrasjóður:

Á árinu 2022 voru 1.477 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði félagsins en voru 1.226 árið 2021. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 93.031.180,-. Sambærileg upphæð fyrir árið á undan var kr. 59.943.190,-. Veruleg hækkun varð því á útgreiðslum til félagsmanna milli ára eða um 55%.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið býður félagsmönnum upp á marga góða kosti varðandi orlofsdvöl og sífellt er unnið að því að auka framboðið. Í því sambandi má nefna að framboð félagsmanna í gegnum orlofsvef félagsins hefur verið stóraukið á liðnum árum með samningum við ferðapjónustuaðila víða um land. Þannig vill félagið stuðla að því að félagsmenn geti notið þess að fara í frí innanlands. Framsýn á orlofshús og íbúðir víða um land auk þess sem félagið hefur aðgengi að íbúð á Spáni. Til viðbótar gefst félagsmönnum kostur á að kaupa gistimiða og ódýr flugfargjöld með Flugfélaginu Erni á flugleiðinni Húsavík - Reykjavík. Ekki er ólíklegt að forsendan fyrir áætlunarflugi milli þessara staða væri ekki til staðar ef ekki kæmi til samningur Framsýnar við flugfélagið. Félagið er jafnframt með samning við Icelandair um afsláttarkjör fyrir félagsmenn í millilandaflugi.

Fræðslumál:

Félaginu er mjög umhugað um starfsmenntun félagsmanna og leggur mikið upp úr þeim þætti. Á árinu 2022 fengu 327 félagsmenn greiddar kr. 21.394,858,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með framlögum frá fyrirtækjum, sveitarfélögum og ríkisstofnunum sbr. ákvæði þar um í kjarasamningum. Auk þess er Framsýn við sérstakan fræðslusjóð sem félagsmönnum stendur til boða, þurfi þeir á viðbótarstyrkjum að halda vegna menntunar. Þá má geta þess að félagið leggur mikið upp úr heimsóknum í skóla með fræðslu um starfsemi stéttarféлага og vinnumarkaðinn, það er í vinnuskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á félagssvæðinu. Þó nokkuð er um að fyrirtæki og stofnanir leiti til félagsins eftir fræðslu fyrir starfsmenn sem tengist réttindum og skyldum þeirra á vinnumarkaði sem er afar ánægjulegt. Þá eru starfsmenn stéttarfélaganna reglulega beðnir um að kenna á námskeiðum er tengjast vinnurétti enda mikil þekking til staðar hjá félögum.

Atvinnumál svæðisins:

Á árinu 2022 var atvinnuástandið á félagssvæðinu með miklum ágætum enda flestar atvinnugreinar búnar að ná sér eftir heimsfaraldurinn. Eins og staðan er í dag vantar starfsfólk til starfa í flestar atvinnugreinar. Kjölfestan í atvinnumálum í Þingeyjarsýslum hefur verið ferðaþjónusta, iðnaður, sjávarútvegur, landbúnaður og opinber þjónusta. Framsýn hefur fram að þessu átt gott samstarf við Vinnumálastofnun um að veita atvinnuleitendum á félagssvæðinu góða þjónustu. Hvað það varðar hafa aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna lagt starfsmanni Vinnumálastofnunar til skrifstofu að kostnaðarlausu en stofnunin hefur séð um að greiða starfsmanninum laun. Núverandi starfsmaður hefur bæði haft starfsstöðvar á Akureyri og Húsavík. Því miður hefur Vinnumálastofnun, nú ákveðið, að leggja af starfsemi á Húsavík. Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa mótmælt þessari ákvörðun, en hún stendur.

Annað:

Félagið stendur afar vel um þessar mundir. Styrkur félagsins kemur ekki síst fram í góðri þjónustu við félagsmenn, góðu aðgengi að sjóðum félagsins, öflugum starfsmenntastyrkjum og öðru því sem er í boði á vegum félagsins eins og orlofshúsum, hótélum og mjög ódýru flugi um Húsavíkurlflugvöll. Aðkoma félagsmanna að þessari þjónustu og styrkjum færir félagsmönnum á hverju ári milljóna tug. Það er góð kjarabót að vera félagsmaður í stéttarfélagi. Í starfi stéttarféлага er mikilvægt að sinna góðu upplýsingastreymi til félagsmanna. Framsýn verður ekki sakað um að sinna því ekki. Félagið heldur úti heimasíðu og gefur reglulega út fréttabréf sem ætlað er að miðla upplýsingum til félagsmanna um réttindi þeirra og fréttir af starfsemi sem sjaldan eða aldrei hefur verið eins öflug og um þessar mundir. Hvernig byggja menn upp öflugt stéttarfélag til að ná fram þessum markmiðum? Það gera menn best með virkum félagsmönnum, hæfu starfsfólki og öflugri stjórn, trúnaðarráði, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og ungliðastarfi. Fólk sem er tilbúið að takast á við krefjandi störf félagsins á hverjum tíma og gefa allt í starfið. Það er ekki dagvinna að reka stéttarfélag svo vel fari. Þess í stað verða menn að standa vaktina í 24 tíma á sólarhring. Þegar þessir þættir spila saman eins og góð hljómsveit verður til öflugt stéttarfélag félagsmönnum og samfélaginu til hagsbóta. Höfum í huga að það er ekki sjálfgefið að eiga aðild að öflugum stéttarfélagi. Það er jafnframt afar mikilvægt að aðildarfélag ASÍ standi saman í baráttunni fyrir bættum kjörum fyrir félagsmenn sambandsins. Það græðir enginn á því að ala á sundrunu.

Samskipti við atvinnurekendur:

Framsýn hefur almennt átt mjög gott samstarf við atvinnurekendur á félagssvæðinu enda lagt mikið upp úr góðu samstarfi aðila vinnumarkaðarins. Ljóst er að Framsýn nýtur mikillar virðingar á svæðinu enda ekki óalgengt að fyrirtæki auk félagsmanna leiti eftir ráðgjöf og þjónustu hjá félaginu.

Stéttarfélagið Samstaða

Þróun félagsmannafjölda:

Félagsmenn Stf. Samstöðu sem voru greiddandi 31. Des. 2022 ásamt gjaldfrjálsum (sjá skýrslu ASÍ) voru í 744 sem er smá fækkun. Í deild verslunarmanna voru 66 þar af 8 gjaldfrjálsir.

Formaður Stéttarfélags Samstöðu er Guðmundur Finnbogason og formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er Vigdís Edda Guðbrandsdóttir.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Félagið er með aðalskrifstofu sína á Blönduósi sem er opin alla daga, og er í eigin húsnæði. Einnig er rekin skrifstofa á Hvammstanga í leigu húsnæði og þar er starfsmaður í 20% starfi. Rekstur félagsins er með sama hætti og undanfarin ár og vísast þar í ársreikninga félagsins.

Félagsstarf og fundir:

Stjórnarfundir eru alla jafna einu sinni í mánuði nema yfir sumartímamann og fundir með stjórn og trúnaðarmannaráði eftir þörfum þ.e. hvaða málefni liggja fyrir hverju sinni t.d. fundað oftast þegar kjarasamningar eru í gangi. Fundur í deildinni var einn, aðalfundur deildarinnar.

Sjúkrasjóður:

Rekstur sjúkrasjóðs var í jafnvægi árið 2022 og enn var nokkuð þungur árið áður.

Sjóðurinn hefur sjálfstæða þriggja manna stjórn sem fundar í lok hvers mánaðar.

Séu einhver álitamál hefur það komið fyrir að stjórnin vísi málum til aðalstjórnar og trúnaðarmannaráðs en það er ekki algengt.

Vísað er að öðru leytið í lög sjúkrasjóðs Stf. Samstöðu.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið á eitt hús að Illugastöðum í Fnjóskadal og helming í húsi í Ölfusborgum á móti Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Félagið hefur síðan tekið hús á leigu yfir sumartímamann og endurleigt sínum félagsmönnum.

Sl. Sumur hafa verið þrjú valkostir til viðbótar, sumarhús á Einarstöðum á Héraði, Reynivellir í Bláskóabyggð og 5 vikur í húsi í Borgafirði.

Fræðslumál:

Trúnaðarmannanámskeið var haldið á Laugarbakka í nóvember 22 og annað í mars 23. í samvinnu við Ölduna stf. og Verslunarmannafélagi Skagafjarðar.

Margir félagsmenn nýttu sér námskeið á vegum Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Félagið bauð uppá tómstundanámskeið í samráði við Farskólann, fyrir sína félagsmenn endurgjaldslaust eins og undangafarin ár og þá er nokkuð um að fólk sé í fjarnámi. Félagsmenn hafa verið duglegir að nýta sér starfsmenntasjóðina sem Stéttarfélagið er aðili að.

Atvinnumál svæðisins:

Atvinnuástand hefur verið gott á félagssvæðinu og heyrst jafnvel að vanti fólk til ákveðinna starfa, húsnæði hefur verið þröskuldur í ráðningum.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við atvinnurekendur eru í heildina litið, frekar góð og þjónusta stéttarfélagsins hefur verið vel nýtt. Félagið er með vinnueftirlitsfulltrúa sem fer um svæðið ásamt fulltrúa sem ráðinn var sameiginlega fyrir Norðurlandið.

Stéttarfélag Vesturlands

1. kafli - Stjórn Stéttarfélags Vesturlands frá aðalfundi 2022 til aðalfundar 2023

Formaður: Signý Jóhannesdóttir
Varaformaður: Sigrún Reynisdóttir
Ritari: Baldur Jónsson
Vararitari: Þuríður Jóney Sigurðardóttir
Meðstjórnendur:
Jónína Guðrún Heiðarsdóttir
Narfi Jónsson
Þorvaldur Á. Kristbergsson, formaður lönsvainadeildar
María Hrund Guðmundsdóttir, formaður Deildar verslunar- og skrifstofufólks
Ásta Sólveig Guðmundsdóttir, formaður Matvæla-, flutninga- og þjónustudeildar
Einar Reynisson, formaður lónaðar-, mannvirkja- og

stóriðjudeildar.

Elín Ósk Sigurðardóttir, formaður Deildar starfsfólks hjá ríki og sveitarfélögum.

2. kafli - Félagsmannaskrá 31. des. 2022

Félagsmenn skiptast þannig eftir kynjum
Karlar 728,
Konur 598,
Alls 1326.

Alls greiddu 1805 einstaklingar iðgjöld til félagsins árið 2022, þar af voru 1184 fullgildir greiðendur, en 621 greiddu í minna en sex mánuði á árinu. Gjaldfrjálisir félagar voru alls 142.

Félagsmenn skiptast þannig milli þeirra landssambanda sem félagið er aðili að: *Sjá töflu neðst á síðu*

Milli árunna 2021 og 2022 fjölga þeim enn sem greiða til félagsins, nú um u.þ.b. 170 einstaklinga. Þeim sem borguðu í minna sex mánuði fjölgaði um 70 en greiðandi í meira en sex mánuði fjölgaði um 100. Við Sáum störfum verslunarmanna fækka milli árunna 2020 og 2021, nú gengur sú fækkun til baka og ríflega það. Störfum í ferðaþjónustunni fjölga aftur og skiptist e.t.v. meira á milli LÍV og SGS en áður.

3. kafli - Fjármál og rekstur

Tekjur félagsins aukast milli árunna 2021 og 22 um rúm 20%, en heildariðgjaldatekjur milli árunna 2021 og 2022 hækkuðu um rúm 19%. Eftir samdrátt tengdan kórónuveirufaraldrinum varð verulegur viðsnúningur á rekstri félagsins 2021 og skiluðu allir sjóðir jákvæðri niðurstöðu, árið 2022 varð enn meiri tekjuaukning. Rekstur samstæðunnar var alls jákvæð um 44,5 milljónir 2022 en var jákvæður um tæpar 11 millj. kr. á árinu 2021.

Félagssjóður:

Rekstrarniðurstaða sjóðsins var jákvæð um 15,5 millj. árið 2022 en var jákvæður um 6,7 milljónir á árinu 2021. Miðað við þann gríðarlega samdrátt sem varð í ferðaþjónustunni

| | Stéttvest 31.12.18 | Stéttvest 31.12.19 | Stéttvest 31.12.20 | Stéttvest 31.12.21 | Stéttvest 31.12.22 |
|-----------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Starfsgreinasamband Íslands | 1040 | 957 | 996 | 1066 | 1115 |
| LÍV | 143 | 134 | 154 | 126 | 168 |
| Samiðn, samband iðnfélaga | 36 | 38 | 39 | 33 | 43 |
| Samtals | 1219 | 1129 | 1189 | 1225 | 1326 |

á svæðinu vegna Covid 19, þá er batinn mun hraðari en búast hefði mátt við árið 2021 og enn hefur svo bætt í 2022. Eigið fé Félagssjóðs að meðtöldum verkfallssjóði nam í árslok 61 millj. kr. en var 45,6 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé frá rekstri var nú 15,5 milljónir en var 6,7 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi ársins á undan. Handbært fé jókst um 20,5 milljón á árinu en jókst 8,1 millj. kr. árið á undan. Handbært fé Félagssjóðs í árslok nam tæpum 36,8 millj. kr.

Sjúkrasjóður:

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var jákvæð um 25 milljónir en var jákvæð um 3,6 millj. kr. árið á undan. Eigið fé sjóðsins í árslok 2022 nam 201 millj. kr. en var 176,1 millj. kr. í árslok 2021. Veltufé frá rekstri nam 25 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé jókst um 25,8 millj. kr. á árinu. Handbært fé Sjúkrasjóðs í árslok nam 163,3 millj. kr. en var 137,6 millj. kr. í árslok 2021. Gerð var úttekt á stöðu Sjúkrasjóðs miðað við árslok 2018 af Davíð Búa Halldórssyni hjá ENOR í samræmi við breytt lög ASÍ. Skoðun ENOR byggir á þróun sjúkrasjóðsins á 5 ára tímabili þ.e. 2013 – 2018 og niðurstöðurnar gefa til kynna að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum við sjóðfélaga. Næsta sambærilega úttekt þarf að fara fram á árinu 2024 miðað við árslok 2023.

Orlofssjóður:

Rekstur Orlofssjóðs var jákvæður árið 2022 um 3,9 millj. kr. Handbært fé hækkaði um 3,1 millj. kr. á árinu. Eigið fé Orlofssjóðs í árslok 81,7 millj. kr.

Samandreginn ársreikningur:

Rekstrarniðursstaða Félagssjóðs, Sjúkrasjóðs og Orlofssjóðs samanlagt var jákvæð árið 2022 um 44,4 millj. en árið 2021 um tæpar 11 millj. kr. Eignir félagsins voru samtals 367,5 millj. kr. í árslok 2022 á móti 319 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé frá rekstri nam 44,4 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé sjóðanna jókst um 49,4 millj. kr. á árinu, var 204,8 millj. kr. í árslok.

Annað um fjármál og rekstur:

Félagsgjald til Stéttarfélags Vesturlands árið 2022 var 1% af launum félagsmanna.

Félagið lagði ekki í Vinnudeilusjóð árið 2022. Vinnudeilusjóður félagsins var látinn bera kostnað við kjarasamningagerð eins og heimilt er samkvæmt b lið 2. gr. reglugerðar sjóðsins. Stjórn félagsins hefur nýtt þá heimild frá árinu 2013. Breyting hefur orðið á framkvæmd við gerð kjarasamninga og hvert félag ber kostnað af þeim samninganefndarmönnum sem félagið sendir til viðræðnanna. Gildir þá einu hvort um er að ræða almennan félagsmann, stjórnendur einstakra samningshópa eða

framkvæmdastjórnarmenn innan SGS. Kostnaði við gerð kjarasamninga er því ekki jafnað á félögin eftir stærð eins og áður.

Annar sjóður í vörslu Félagssjóðs er Fræðslu- og menningarsjóður. Hann stendur nú í kr. 2.587.127(2.790.830) og tekjur hans hafa eingöngu verið fjármagnstekjur. Þessi sjóður var við stofnun hans fyrst og fremst hugsaður til að kosta ritun og útgáfu sögu Verkalýðsfélags Borgarness. Lítilsháttar hefur verið veitt úr sjóðnum til að styrkja einstaklinga sem ekki eiga rétt á styrkjum úr öðrum fræðslusjóðum. Reglugerð fyrir sjóðinn var samþykkt á aðalfundi 2008.

Lagt er til að veitt verði framlag í sjóðinn nú á aðalfundi vegna 2022.

Félagssjóður og Sjúkrasjóður félagsins eiga að jöfnu Alþýðuhúsið, Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu 2020, þar sem hljóðvist var lagfærð, móttöku félagsmanna á biðstofum var gjörbreytt og öll vinunnuaðstaða bætt. Mikil ánægja er meðal starfsmanna og gesta/félagsmanna með breytingarnar. Síðustu ár hefur félagið leigt Dalabyggð bæði skrifstofuherbergin á Miðbrautinni, þetta húsnæði var selt Dalabyggð í árslok 2022. Orlofssjóður á tvö orlofshús í Húsafelli og á auk þeirra hús í Ölfusborgum. Sjóðurinn hefur átt frá því í ársbyrjun 2011 glæsilega íbúð að Ásholti 2 í Reykjavík. Í ársbyrjun 2016 var keypt 110 fermetra íbúð á Akureyri í nýju fjölbýlishúsi að Ásatúni 26.

4. kafli - Kjara- og samningamál

Kjarasamningar á almennum markaði, verkafólk, verslunar- og skrifstofufólk og iðnaðarmenn, voru allir lausir á árinu 2022 og runnu allir út 31. október. Mikill óróleiki var í verkalýðshreyfingunni sl. vor þegar umræða var um kröfugerð og samningsumboð. Þegar Efling Stéttarfélag sagði upp öllu starfsfólki sínu á vormánuðum 2022, þá skiptust félög mjög í flokka varðandi það að fordæma þá gerræðislegu aðgerð. Trúnaðarráð Stéttarfélags Vesturlands ákvað að fela hvorki SGS eða LÍV umboð til samningsgerðar, þar sem forystumenn þeirra landssambanda treystu sér ekki til að koma fram af hreinskilni vegna þessa máls. Hjá Samiðn tók forystan einarða afstöðu og því var ekki hreyft við umboðinu þar. Félagið lagði fram sína kröfugerð í byrjun október hjá SA og beið svo átekta meðan landssamböndin áttu í viðræðum. Niðurstaðan varð svo sú að félagið skrifaði undir kjarasamning þann 3. desember með SGS, án Eflingar. LÍV og Samiðn sömdu svo þann 13. des. Þessir samningar voru samþykktir með miklum meirihluta þ.e. 85-95% þeirra sem greiddu atkvæði.

Stéttarfélag Vesturlands tók þátt í því að gera stofnanasamning við Veðurstofuna, en nokkrir félagsmenn stunda veðurathuganir á félagssvæðinu. Þetta var samstarfsverkefni SGS félaganna og því lauk reyndar ekki fyrir en í ársbyrjun 2023. Þessi stofnanasamningur hafði ekki verið endurnýjaður síðan 2014. SGS félögin gengu einnig frá stofnanasamningum við Vegagerðina, Skógræktina, Umhverfisstofnun o.fl. Kjarasamningar við hið opinbera eru ekki lausir fyrir en á árinu 2023, ríkið í apríl og við sveitarfélögin í lok september.

5. kafli - Fræðslu- og upplýsingamál

Félagsfréttir hafa ekki verið gefnar út síðan í janúar 2018. Reynt hefur verið að leggja áherslu á að uppfæra heimasíðuna reglulega og nýta svo fésbókina til auglýsinga. Við sögðum frá því á árinu 2021 að til umræðu hefur verið að kaupa aðgang að félags- og bókhaldskerfi sem AFL á Austurlandi hefur látið smíða fyrir sig. Kerfið er sérhannað með þarfir deildskiptra stéttarféлага í huga. Það heldur utanum orlofskerfið og félagar hafa aðgang að „mínum síðum“ og geta séð ýmsar upplýsingar um sig, geta sótt um og bókað orlofshús og sótt um styrki. Kerfið gefur mikla möguleika á samskiptum við félagsmennina, m.a. að senda út rafræn fréttabréf og annast ýmsar kosningar. AFL lét smíða þetta í tengslum við Navision bókhaldskerfið, en Stétt Vest hefur verið að nota DK. Á árinu 2022 var undirritaður samstarfssamningur um þetta nýja kerfi sem og um nýtt bókhaldskerfi og mun Stétt Vest fara inn í Navision og Tótal á árinu 2023. Það verður áhugavert að fylgjast með þessari þróun því við teljum að með tilkomu „mínar síður“ mun þjónusta okkar við félagsmenn geta orðið mun betri.

6. kafli - Starfsmenntasjóðir

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veitti 26 (34) (23) félagsmönnum styrki á árinu, 6 (11) (5) körlum og 20 (23) (18) konum. Heildarsamtala styrkja var kr. 2.037.265.- (2.815.893.-) (2.060.352.-) (1.602.076.-). Styrkjunum fækkar örlítið milli ára. Námskeiðin voru mjög fjölbreytt til dæmis ökunám, háskólanám, sjálfstyrking og fleira áhugavert.

Eigin sjóður Stéttarfélags Vesturlands veitti styrki til 6 (3) (1) félagsmanna á árinu 2022 að heildarupphæð 288.110.- (482.160) (100.000) , það voru allt konur sem fengu styrk. Úr eigin sjóði félagsins fá þeir styrki sem eru innan lðunnar og fá því ekki úthlutað styrkjum úr þeim sjóði þar sem hann skipuleggur starfsmennanámskeið sjálfur fyrir félagsmenn. Að þessu sinni voru þetta fjölbreyttir styrkir bæði til náms og tómstunda. Hjá eigin sjóði gilda sömu úthlutunarreglur úr eigin sjóði félagsins eins og úr Landsmennt.

Eins og sjá má af þessum tölum eru konur enn aðeins duglegri að sækja sér starfsmenntastyrki en karlar, en á árinu 2022 var heildarfjöldi einstaklingsstyrkja 149 (162) (126). Af þeim fjölda fóru 57 (67) (42) styrkir til karla en 92 (95) (84) styrkir til kvenna.

7. kafli - 1. maí 2022

Loksins á árinu 2022 var aftur hægt að halda 1.maí hátíðarhöld um allt land og Stéttarfélag Vesturlands sat ekki eftir í þeim málum. Boðið var upp á hátíðarhöld í Hjálmakletti eins og oft áður. Þar stigu hinir ýmsu skemmtikraftar á svið svo sem börn frá tónlistarskólanum og fjölskyldan úr Kveldúlfsgötu söng nokkur lög og stýrði samsöng þegar Nallinn var sunginn. Að dagskrá lokinni var boðið upp á kjúklingasúpu sem 9.bekkur í Grunnskólanum í Borgarnesi sá um að framreiða.

Í Búðardal söng Elísabet Ormslev söngkona sig inn í hjörtu Dalamanna eins og henni einni er lagið og boðið var upp á drekkhlaðið kökuhlaðborð að hætti Katrínar og vaskra skáta sem voru á leið til Danmerkur.

8. kafli - Eftirlit á vinnustöðum

Á árinu 2022 tók vinnustaðaeftirlit við sér eftir heimsfaraldur og hjól atvinnulífsins fóru á fullt. Farið var í eftirlit á vinnustaði á félagssvæðinu. Heimsóknirnar urðu u.þ.b 60 og voru sumir vinnustaðir heimsóttir oft en einu sinni til þess að sinna eftirfylgni. Var þar að auki sendur tölvupóstur eða bréf eftir hverja heimsókn. Vel tókst að kynna félagið fyrir nýjum félagsmönnum og var vel tekið á móti eftirlitsfulltrúum. Eftir að stríð braust út í Úkraínu fór að koma mikið af flóttafólki hingað til lands, meðal annars á okkar félagssvæði. Mikill tími fór í að leiðbeina atvinnurekendum um atvinnuleyfi. Eftirlitsfulltrúar sóttu einnig starfsdaga eftirlitsfulltrúa í Keflavík í maí, ásamt því að stöðufundir voru haldnir á tveggja vikna fresti.

9. kafli - Fundir félagsins

Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands var haldinn í Alþýðuhúsinu 4. maí
Ein breyting varð á stjórn félagsins milli ára 2021 til 2022. Narfi Jónsson kom inn sem meðstjórnandi í stað Jakobs Hermannssonar. Trúnaðarráð félagsins hélt 5 fundi á árinu og stjórnarfundir voru 7. Flestir þessir fundir voru í bland í fjarfundi eða á staðnum. Fulltrúar félagsins sóttu fundi landssambandanna sem félagið á aðild að, marga í fjarfundi. Fundir hjá þeim lífeyrissjóðum sem félagið á aðild að voru sóttir að venju, bæði aðalfundir og fulltrúaráðsfundir. Þing

SGS var haldið á Akureyri í mars, þar urðu þau tíðindi að skipt var um forystu, Björn Snæbjörnsson og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir sem verið hafa formaður og varaformaður sambandsins um árabil gáfu ekki kost á sér. Vilhjálmur Birgisson og Guðbjörg Kristmundsdóttir tóku við af þeim. Á sama tíma fór fram Þing LÍV á Hallormsstað, þar urðu ekki breytingar á forystu. Þing ASÍ hófst svo í Reykjavík 10. okt. sl. en því var svo frestað þegar hluti þeirra sem boðið höfðu sig fram til forystu, gengu út af þinginu og skyldu þingheim eftir í forundran. Þinginu var síðan frestað og mun fara fram í apríl lok 2023.

10. kafli - Fasteignir félagsins og skrifstofuhald

Auk orlofshúsa og íbúða á Stéttarfélag Vesturlands hús við Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Það hýsir meginþættina í starfsemi félagsins og þar er ágætur fundarsalur sem félagið hefur leigt út fyrir afar hóflegt gjald. Á árinu 2020 var ráðist í töluverðar breytingar á húsnæði félagsins við Sæunnargötu, bætt vinnuaðstaða, starfsmannaaðstaða og hljóðvist, sem hefur ekki verið í lagi síðan byggt var við húsið. Hluti framkvæmda drógust fram á árið 2021. Seint á árinu kom upp leki í íbúð félagsins í Ásholti, um tryggingmál var að ræða og var endurbótum ekki lokið fyrr en komið var fram á 2023. Seint á árinu barst tilboð í skrifstofuherbergin 2 í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, að Miðbraut 11, frá Dalabyggð. Var þeim tilboðum tekið og gengið var frá kaupunum um áramót. Skrifstofurnar hafa verið í fastri leigu til Dalabyggðar um nokkurra ára skeið.

11. kafli - Lífeyrissjóðir félagsmanna

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs verður haldinn 4. maí 2023. Nafnávöxtun sjóðsins var neikvæð um 1,4% (+16,4%), en að teknu tilliti til verðbólgu var raunávöxtun neikvæð um 9,8% (+11%). Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar var í árslok 2022 neikvæð um 4,6%.

Birta lífeyrissjóður, sem nokkur fjöldi okkar félagsmanna á aðild að, skilaði neikvæðri raunávöxtun um 9,9% samanborið við jákvæða niðurstöðu um 9,89% árið 2021. Tryggingafræðileg staða er neikvæð í árslok 2022 um 6,38% en var neikvæð um 2,5% í árslok 2021. Ársfundur Birtu er auglýstur 3. maí 2023.

12. kafli - Starfsmenn félagsins

Starfsmenn Stéttarfélags Vesturlands árið 2022 voru: Signý Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri og formaður félagsins, Silja Eyrún Steingrímsdóttir skrifstofustjóri,

Guðrún Ólafsdóttir bókari, sem sagði upp störfum frá 1. mars, Anna Ágústa Halldórsdóttir eftirlitsfulltrúi, bætti bókhaldinu við sitt starf. Þær voru allar í fullu starfi. Steinhildur Sigurðardóttir, Virk-ráðgjafi, er í 50% starfi. Virk ráðgjafi af Akranesi hefur sinnt þeim einstaklingum sem þurfa þjónustu af Snæfellsnesi og þeim sem eru umfram starfshlutfall Steinhildar. Elín Ósk Sigurðardóttir var svo ráðin í 100% starf frá maí – september, sem eftirlitsfulltrúi og í almenn skrifstofustörf. Elín hefur svo verið í 60% starfi frá 1. okt. Auk þeirra er Bylgja Dögg Steinarsdóttir, ræstitæknir, í hlutastarfi.

13. kafli - Deildir félagsins héldu sameiginlegan aðalfund 28. apríl 2022

Sameiginlegur aðalfundur deilda félagsins var haldinn 28. apríl. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf auk þess mætti Tómas Bjarnason frá Gallup og kynnti niðurstöður könnunar sem gerð var seint á árinu 2021. Á þessum fundi sem jafnframt var fundur í samninganefnd var tekin ákvörðun um að halda umboðum vegna kjarasamninga heima vegna LÍV og SGS. Einnig fordæmði fundurinn þá nýframkomnar uppsagnir allra starfsmanna Eflingar.

DVS - Í deild verzlunar- og skrifstofufólks eru eftirtaldir í stjórn:

Formaður María Hrund Guðmundsdóttir, varaformaður Silja E. Steingrímsdóttir, meðstjórnandi Guðrún Ólafsdóttir, ritari Þráinn Ásbjörnsson öll kosin til 2023. Meðstjórnandi Bylgja D. Steinarsdóttir til 2024 og varamenn í stjórn Helena Rós Helgadóttir og Anna Ágústa Halldórsdóttir, kosnar til 2023.

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Þróun félagsmannafjölda:

Félögum í verslunardeild erkalýðsfélags Snæfellinga hefur fjölgað umtalsvert frá því síðustu skýrslu var skilað. Það skýrist að miklu leyti af því að þjónusta á nesinu hefur aukist töluvert vegna aukningar ferðamanna, eins kom í ljós að nokkrir höfðu verið skráðir rangt. Árið 2021 voru ársverkin 71 en árið 2022 voru þau 81.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Verslunardeild Verkalýðsfélags Snæfellinga er ekki haldið sér í bókhaldi félagsins, verslunarmenn eru hluti félaga í VERKS. Eins og sést í ársreikningum félagsins var rekstur félagsins góður á árinu 2022. Félagið er með aðalskrifstofu í Ólafsvík en rekur einnig skrifstofur í Grundarfirði og Stykkishólmi.

Félagsstarf og fundir:

Haldnir voru 11 stjórnarfundir og 3 trúnaðarráðsfundir í félaginu auk aðalfundar. Haldnir voru 2 vinnustaðafundir auk nokkurra funda vegna kjörs trúnaðarmanna. Einn sérstakur fundur verslunardeildar var haldinn á árinu.

Sjúkrasjóður:

Starfsmaður félagsins fer yfir umsóknir og afgreiðir samkvæmt reglum félagsins, ef vafi er á afgreiðslu kallar starfsmaður stjórnina saman, styrkir eru greiddir út um mánaðarmót. Aukning sú sem mátti merkja á umsóknum um sjúkradagpeninga í covid er horfin og er eiginfjárstaða sjóðsins sterk og skilaði afgangi árin 2021 og 2022.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið á og rekur 4 íbúðir í Kópavogi og eina í Reykjavík, einnig á félagið 2 sumarhúsa, í Svignaskarði og Brekkuskógi. Félagið á líka ¼ hlut í Altomar sem er hlutafélag í eigu fjögurra félaga sem reka saman leiguíbúð á Spáni. Rekstur orlofssjóðs hefur verið góður síðustu ár og er félagið að byggja þriðja sumarhúsið.

Fræðslumál:

Félagar í verslunardeild VERKS greiða í starfsmennt. Mjög lítið hefur verið um að sótt

sé um styrki til starfsnáms eða tómsunda innan deildarinnar eða 4 á ári og er það lítið miðað við aukinn fjölda félaga í deildinni. Undanfarin ár hefur það samt verið þannig að það sem atvinnurekendur á svæðinu greiða í fræðslusjóði hefur komið til baka til félagsmanna í formi styrkja.

Atvinnumál svæðisins:

Á svæðinu hefur verið næg atvinna og er mikið um erlent farandverkafólk. Það sem helst hefur verið til vandræða við að fá fólk til starfa er viðvarandi skortur á íbúðahúsnæði. Atvinnuleysi stendur hér í stað nokkurn vegin að meðaltali vegna árstíðabundinna starfa eða um það bil 50-60 manns á hverjum tíma, t.d. hafa fiskvinnslue lokað í 3 mánuði á þessu ári vegna niðurskurðar í aflaheimildum og skip legið bundin í sama tíma og jafnvel lengur. Hótel og veitingastaðir loka hér hluta úr vetri og er fólki sagt upp í þeim tilvikum. En það eru eingöngu 3 sem gefa upp verslunar og skrifstofustarf sem aðalatvinnugrein.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við verslunareigendur og rekendur á svæðinu eru með ágætum og engu yfir að kvarta með það. Eftirlit hér hefur ekki verið nægilega virkt undan farin 2 ár. Vignir S. Maríasson. formaður.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Fjöldi félagsmanna og skipting miðað við 31 desember 2022:

Verkalýðsfélga Vestfirðinga er deildarskipt félag með aðild að SGS, LÍV, SSÍ og Samiðn. Meðalfjöldi greiðandi félagsmanna í Verslunardeild Verk Vest fyrir árið 2022 voru 277 og gjaldfrjálsir 29. Fækkar því um 8 í deildinni, voru 314 árið 2020. Heildar(meðal)fjöldi greiðandi félagsmanna í öllum deildum félagsins árið 2022 var 2.272 og alls 2.517 með gjaldfrjálsum sem njóta áfram ýmissa réttinda hjá félaginu eftir starfslok.

Rekstur félagsins og húsnæði

Félagið rekur tvær skrifstofur. Aðalskrifstofa er í Hafnarstræti

9 á Ísafirði þar sem opið er alla virka daga frá kl.09.30 – 15.00. Félagið er einnig með útibú í Aðalstræti 5 á Patreksfirði þar sem opið er alla daga frá kl.09.30 – 15.00. Fjöldi starfsmanna á Ísafirði eru 6 og vistar skrifstofa félagsins einnig ráðgjafa Virk á Vestfjörðum í 1 stöðugildi. Heildariðgjöld ársins 2022 námu um 308 mkr. og voru rekstrargjöld um 302 mkr.

Félagsstarf og fundir:

Félagsstjórn fundar fyrsta mánudag hvers mánaðar og loksins var hægt að halda 1. Maí hátíðlegan. Erfiðlega hefur gengið að manna stöður trúnaðarmanna eftir Covid og óljóst hvað veldur, okkur tókst samt að halda úti haustnámskeiði með ágætri þátttöku. Vinnustaðaeftirlit lá niðri fyrri hluta ársins vegna samkomutakmarkana og var því farið í færri eftirlitsferðir.

Starfsemi sjúkrasjóðs

Stjórn sjúkrasjóðs fundar í 3ju viku hvers mánaðar. Mikil fjölgun styrkumsókna hefur verið allt frá árinu 2010 þegar skellurinn frá hruninu dundi yfir sjóðinn. Var árið 2021 algjör sprenging þegar kom að sjúkradagpeningum sem fóru þá í fyrsta skipta yfir 100 mkr. múrinn. Sýnir samanburður fyrstu 9 mán. 2023 við sama tímabil 2022 umtalsverða hækkun sjúkradagpeninga milli ára. Félagssólk er duglegt að nýta iðgjaldartengda styrki og hafa greiðslur styrkja aukist töluvert milli ára eftir breytingar sem gerðar voru á styrkjum á aðalfundi 2022.

Orlofsjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á og rekur 7 orlofsíbúðir í Reykjavík, eina íbúð á Akureyri. Einnig er félagið þátttakandi í orlofsbyggðunum á Einarssstöðum, Flókalundi, Illugastöðum, Svignaskarði og Ölfusborgum með alls 10 sumarþústaði. Þá á félagið íbúð í samstarfi við þrjú önnur stéttarfélag í Arenales del sol við Alecante á Spáni. Íbúðir eru mjög vel nýttar allt árið einnig sumarhús í Svignaskraði og Ölfusborgum. Aðrir staðir eru með lakari nýtingu. Rekstur sjóðsins er með nokkuð hefðundnu sniði. Iðgjöld og leigutekjur árið 2022 voru 67,8 mkr. og rekstrargjöld 62,6 mkr.

Atvinnumál á félagssvæðinu:

Smærri verslunar og þjónustufyrirtæki eiga áfram undir högg að sækja og hefur störfum sem falla undir kjarasamning LÍV ekki fjölgað. Eftir að félagið fór í nokkurt átak að leiðrétta skráningu félagsmanna hefur fækkaði aðeins í deildinn. Á sama tíma kom í ljós að enn er brögð á því að þeir sem vinna á starfssvæði verslunardeildar félagsins skv. kjarasamningi LÍV greiði enn iðgjöld til VR og sniðgangi deildina hjá félaginu. Félagið hefur ítrekað þurft að beina þeim skilaboðum til atvinnurekanda að VR eigi ekki félagssvæði á Vestfjörðum.

Fræðslumál:

Regluleg kjarasamningsbundin námskeið trúnaðarmanna eru haldin hjá félaginu. Kjaramálanámskeið ásamt námskeiðshaldi um starfsemi og hlutverki stéttarféлага fyrir starfsfólk, stjórn og trúnaðarráð eru einnig hluti af árlegri starfsemi félagsins. Þá er félagið þátttakandi í samstarfsnámskeiðum með Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Útgáfu og kynningarmál: Kynningar í vinnuskólum á félagssvæðinu eru nánast aflagðar og áhugi sveitarféлага til málefnsins dapur. Sömu sögu er að segja um kynningar í grunn- og framhaldsskólum á svæðinu.

Annað

Stjórn VerkVest áréttar að LÍV hafi forgögnum um samstarf við önnur landsambönd ASÍ um rétta skráningu félagsaðildar út frá kjarasamningum og starfsgreinum. Verkfallsátök og kjaraviðræður á vettvangi ASÍfélaganna undanfarin ár hafa staðfest að við verðum að taka á þessum skipulagsmálum félagsmönnum okkar og tilverurétti stéttarféлага til heilla. Ljóst er að SA er í herferð gagnvart hinu margumrædda „félagafrelsi“ sem lítill áhugi virðist vera á innan miðstjórnar ASÍ að taka slaginn um í eitt skipti fyrir öll. Vinni SA þann slag má vera ljóst að yfir 100 ára barátta fyrir réttindum verður á brotin á bak aftur í eitt skipti fyrir öll!

Signý Jóhannesdóttir, formaður

Verkalýðsfélagið Þórshafnar

Þróun félagsmannafjölda:

Félagsmenn á árinu 2022 eru 18 og hefur þessi fjöldi verið svipaður síðastu ár. Af þessum 18 einstaklingum eru 78% konur. Atvinnuástand er gott.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Rekstur deildarinnar er í umsjón Verkalýðsfélags Þórshafnar, að Langasvegi 2, 680 Þórshöfn. Þar starfar einn starfsmaður á skristofu og heldur utan um rekstur félagsins.

Félagsstarf og fundir:

Deild verslunar – og skrifstofufólks Verkalýðfélags Þórshafnar heldur árlega aðalfund en þar fyrir utan er deildinn þáttakandi í starfssemi Verkalýðsfélags Þórshafnar sem heldur hádegisverðarfundum, fundum í trúnaðarráði og aðra félagsfundum.

Sjúkrasjóður:

Sjúkrasjóðurinn er nokkuð hefðbundinn sjúkrasjóður og hafa úthlutanir úr honum verið svipaðar undanfarin ár. Félagsmenn eru mikið að nýta sér einstaka flokka s.s. sjúkraþjálfun, nudd, gleraugnastyrki, krabbameinsskoðanir og íþróttastyrki. Þá eru félagsmenn sem stunda reglubunda hreyfingu í íþróttahúsinu á Þórshöfn að gera það með styrk úr sjúkrasjóðnum.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagsmenn deildar verslunar – og skrifstofufólks Verkalýðsfélags Þórshafnar hafa fullan aðgang að Orlofssjóði Verkalýðsfélags Þórshafnar. Orlofssjóðurinn á 2 hús í Kjarnaskógi við Akureyri sem eru vel nýtt. Á sumrin hefur félagið verið í samstarfi við Framsýn á Húsavík um sumarhús og getur því boðið félagsmönnum sínum sumarhús vítt og breitt um landið fyrir sumartímamann. Þá hafa félagsmenn verið durlegir að nýta sér aðra kosti sem orlofssjóður hefur uppá að bjóða. Þar er helst að nefna niðurgreiðslu á flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur sem félagið býður upp á í samstarfi við Framsýn á Húsavík en einning niðurgreiðslu á hótelum og tjaldsvæðastyrki.

Fræðslumál:

Verkalýðsfélag Þórshafnar hefur umsjón með trúðarmannafræðslu, öðrum námskeiðum og sér um að greiða styrki úr starfsmenntasjóði.

Atvinnumál svæðisins:

Atvinnuástand hefur verið gott á félagssvæðinu hjá verslunarfólki og litið um atvinnuleysi.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við atvinnurekendur er að mestu leyti góð á svæðinu og þjónusta stéttarfélagins vel nýtt.

English summary

English Summary

| General Activities | | | | |
|----------------------------------|----------|---------------------------|---------------------------|--------|
| | Type | Total members 1.jan 22 | Total members 1.jan 23 | Change |
| VR | Union | 40766 | 42947 | 2181 |
| FVSA | Union | 2290 | 2436 | 146 |
| Verslunarmannafélag Skagafjarðar | Union | 342 | 350 | 8 |
| Afl - Starfsgreinafélag | Division | 488 | 503 | 15 |
| Framsýn, Stéttarfélag | Division | 319 | 245 | -74 |
| Stéttarfélagið Samstaða | Division | 72 | 66 | -6 |
| Stéttarfélag Vesturlands | Division | 126 | 168 | 42 |
| Verkalýðsfélag Snæfellinga | Division | 99 | 54 | -45 |
| Verkalýðsfélag Vestfirðinga | Division | 293 | 306 | 13 |
| Verkalýðsfélag Þórshafnar | Division | 20 | 18 | -2 |

The Office

LÍV shares offices with VR's office at Kringlan 7 in Reykjavík. VR handles operations of LÍV and does so in accordance with a service agreement first made in 2002 and renewed in 2014. According to the service agreement LÍV gets a share of the base taxed income from the member unions and increases in proportion to the number of members. LÍV's staff during the period of this report were Ragnar Þór Ingólfsson, chairman in with a 37.5% position, Elva Hrönn Hjartardóttir with a 50% position until the end of 2021 and from the beginning of 2022 Sigmundur Halldórsson with a 50% position.

The Pandemic Effect

The activities of LÍV were affected in 2021-2023 by the global pandemic as during 2021 and 2022 restrictions on meeting were in places that prevented LÍV from hosting its regular congress as usual in 2021. Instead, a short online

congress was held in the autumn of 2021, with discussions and presentations on issues and strategies postponed until the spring of 2022. LÍV did host a congress in 2022 at Hótel Hallormsstaður in the east of Iceland. The location reflects the fact that LÍV is the national organization of people working within the commerce sector. Furthermore, the executive committee of LÍV has since the start of the restrictions used online meetings instead of travelling to Reykjavik. This has proven to be an effective way to conduct executive committee meetings and is in line with our emphasis on minimizing our carbon footprint.

During its current term the executive committee has held 23 meetings, and 1 union leadership meeting was held.

The Collective Agreement

Preparations for negotiations started early in 2022 with research done by the member unions of LÍV on the demands

and needs of the members. With the pandemic affecting both workers and union activity it quickly emerged that LÍV and VR intended to work closely together, but historically VR has made an independent collective agreement, while other LÍV members have signed another agreement, with nearly identical terms. At a spring 2022 meeting of union presidents where 8 union leaders gathered in Reykjavik, the union leaders decided this would be the case in these negotiations.

LÍV along with VR signed a new collective wage agreement with the Confederation of Employers (SA) on December 12th, 2022, after a challenging round of negotiations. A similar agreement was reached with the Icelandic Federation of Trade (FA) the following day. LÍV member unions each presented their members with the details of these agreements. Subsequently, members of the unions were invited to participate in an electronic vote on whether to ratify these collective wage agreements. The voting system was open between December 14th and December 21st 2022.

The collective wage agreement between LÍV and SA/FA was ratified by an overwhelming majority of those who participated in the voting.

The collective wage agreements made between LÍV and SA are valid from November 1st, 2022, to January 31st, 2024. The same goes for the agreement between LÍV and the FA. These are short-term agreements, as there is already less than a year until their expiration date. A new round of negotiations started in early 2023, in which LÍV, alongside VR, has further developed the demands of LÍV.

The collective wage agreement which was reached in December 2022 is a continuation of the Standard of Living Agreement, which was valid from 2019-2022. Both parties view the new agreement as supporting purchasing power and ensuring a degree of predictability in times of great uncertainty and inflation, for workers and companies alike. In particular, the agreement is meant to foster the stability that is necessary for further long-term negotiations about LÍV demands.

The signature feature of the union's new agreement was a general increase in wages for its members. Monthly wages of VR members increased by 6.75% from November 1st, 2022, and onwards. Maximum increases in monthly wages were however capped at ISK 66,000. Pay scales have been replaced by new ones, valid from November 1st, 2022, and onwards. These new scales include increases of up to

13%. Wage-related items in the collective wage agreement increase by 5% from November 1st, 2022, unless otherwise negotiated. The December bonus for each calendar year, based on full-time employment, is ISK 103,000. The holiday bonus for each holiday reference year (1 May to 30 April), based on full-time employment, is ISK 56,000. The economic growth addition, which was a part of the Standard of Living Agreement and supposed to be paid out on 1 May 2023, was accelerated, and was included in these wage increases.

In addition to these increases, the government of Iceland has made statements promising measures in response to some of VR's other demands, relating to housing, child benefits, inflation, and so on. Together with representatives from the Confederation of Employers, VR will meet regularly with government officials throughout the year to discuss these proposals and monitor important developments on the labor market.

Vocational Training

LÍV and its member unions are involved in a number of vocational training efforts and along with VR and SA we form the Starfsmenntasjóður Verslunar- og Skrifstofufólks which offers grants for vocational studies, leisure time studies and travel costs in support of vocational studies/ courses and conferences. The fund is established based on a collective agreement between the Trade Union (SA) on the one hand and VR and the National Confederation of Icelandic Trade Unions (LÍV) on the other. May 14, 2000.

The total disbursement of individual grants in the annual accounts was almost 26 million less than in 2021. The number of individuals who received grants in 2022 was 7,867, a decrease of 227 individuals from the previous year, when 8,094 individuals received grants from the fund.

When analyzing the data, each person is counted only once and is not based on the total number of applications each year. During the year, 681 members received a 3-year accumulated grant, which was a maximum of ISK 390,000. Of these, 634 were VR members. In 2021, there were 714 members who used the accumulated right.

The average amount of grants to individuals in 2022 decreased between years by more than ISK 1,000. from ISK 71,781 to ISK 70,080

Premiums paid to the fund were ISK. 923,353,014 in 2022, but the allocated grants from the fund were in the amount of ISK. 823,468,428. The disbursement of grants has grown in recent years, and in 2018, grants exceeded contributions

and that's continued for the past four years. In 2022, there was a change in the percentage when the premiums paid exceed the subsidies paid during the year. The ratio of grants paid from the fund to premiums paid is 89% for the year 2022. One of the main goals of the fund's board has been for 90% of the fund's contributions to be used directly in grants for skill enhancement for the fund's members and companies that support the fund. It can be said that the fund reached that goal by 2022.

Grants paid to companies and organizations together with the amount paid for "HR Manager on loan" have never been higher than in 2022 or a total of nearly 89 million ISK in 2022. This compared to just over 62.5 million ISK in 2021 and represents 11% of the fund's total grants, compared to 8% the previous year. The amount of grants paid to companies and organizations increased by more than 26 million ISK between years, or by 29%. This increase can be attributed to changes in the SVS rules that were made regarding companies' maximum funding in 2021. In addition, the vocational training funds launched a special marketing effort to raise awareness among companies on the web portal www.attin.is and the opportunity for companies to apply for funding for training and skill development for employees in an efficient and simple way. Despite the decrease in individual grants, that decrease has resulted in an increase in company grants which set a record in 2022. Companies apply for a grant to the fund via www.attin.is, where the processing of grants to companies is handled according to the SVS service agreement with VR.

Work Within ASÍ

LÍV has been a member of the Icelandic Confederation of Labour (ASÍ) since 1962 and LÍV is currently the largest national federation within ASÍ. ASÍ counts about 2/3 of organised labour in Iceland as members of trade unions which affiliate to ASÍ. The total number of members of ASÍ today is about 133.000; thereof 120.000 members are active in the labour market. The union density in Iceland is over 80% and is considered among the highest in the world. The largest trade union in Iceland, VR with approx. 40.000 members is by far the largest union within LÍV.

The 44th congress of ASÍ was set for October 10, 2022, but on the first day of the congress, a proposal was made to postpone, and it was therefore continued in the spring of 2023 on the 27th-28th of April 2023. LÍV's member associations had the right to 90 representatives at the congress, which is also the highest authority of ASÍ. ASÍ policy on pension issues, the economy, benefits and taxes, the future of the labor market, equality issues, housing

issues, education issues, issues of workers of foreign origin, welfare issues and the labor market were approved by the congress.

At the meeting, the new leadership of ASÍ was elected and Finnbjörn A. Hermannsson was self-elected as president of ASÍ and representative of LÍV, Ragnar Þór Ingólfsson, chairman of LÍV/VR was elected first vice president of ASÍ.

Representatives from LÍV member unions participate in several committees within ASÍ and in the central committee of ASÍ. LÍV member unions also participate in ASÍ-UNG which is concerned with the promotion of people under the age of 35 within the labour union movement in Iceland.

International Matters

International cooperation is one of LÍV key projects, as commerce is increasingly becoming international, and it is therefore important that Icelandic unions are aware of trends and policies outside our borders. Iceland, as part of the EU's single market, must operate within the framework that applies to the single market. This means that we need to be prepared for foreign trends that can have a significant impact on the Icelandic labor market. With the increasing internationalization of trade and commerce, there is a growing need for LÍV to protect the interests of Icelandic working people and to express our views in the international organizations that LÍV chooses to participate in, which includes, among other things, the Nordisk Handelskomitee, UNI Global Union and departments within the UNI Global Union that deal with both ITCS and commerce and other international organizations that the LÍV executive committee deems necessary. The LÍV executive committee defines the policy and strategy when it comes to international relations and membership in international organizations. It should be noted that ASÍ is the representative of unions in the Nordic Trade Union Confederation (NFS), the European Trade Union Confederation (ETUC) and the International Trade Union Confederation (ITUC). ASÍ represents workers at the level of the European Free Trade Association (EFTA), the European Economic Area (EEA), the International Labor Organization (ILO) and the Advisory Committee of the Organization for Economic Co-operation and Development (OECD). LÍV then works directly in collaboration with sister associations in the commerce field in the Nordic countries and international organizations of trade unions and thus supports the international struggle of people working in commerce for improved living conditions and safeguards the interests of our members vis-à-vis international and

multinational organizations and employers.

LÍV participated during this term in several events organized by the Nordisk Handelskomitee including the yearly meeting of members in Helsinki in June 2022, Ombudsmanmeeting on vocational training in November 2022 and another on European Workers Councils in September 2023, as well as regular executive committee meetings that are conducted online. Within the Nordisk Handelskomitee are our sister organizations in the Nordic countries, HK in Denmark, HK in Norway, Unionen and Handels in Sweden and PAM in Finland. We are, furthermore, members of UNI Global Union which represents people in service industries around the world and is based in Switzerland. During the term we attended UNI Commerce Global conference in Atlanta in December 2022 and the UNI Global Union Congress and UNI Global Union Women Conference in August 2023.

